



TM hf.

Ársreikningur samstæðunnar 2020

TM hf.
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Kt. 660269-2079

Efnisyfirlit	bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	10
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	15
Efnahagsreikningur	16
Eiginfjárfirlit	17
Sjóðstreymisyfirlit	18
Efnisyfirlit skýringa	19
Skýringar	20
Ársfjórðungayfirlit (óendurskoðað)	64
Viðauki (óendurskoðað)	65

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Meginstarfsemi félagsins

Samstæðuársreikningurinn samanstendur af ársreikningi TM hf. (móðurfélags) og dótturfélaga þess, TM líftrygginga hf., TM trygginga hf., Íslenskrar endurtryggingar hf. og Lykils fjármögnunar hf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“. Tilgangur samstæðunnar er að hafa með höndum hvers konar váttrygginga-, fjárfestinga- og fjármögnunarstarfsemi.

Rekstur og fjárhagsleg staða 2020

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri samstæðunnar 5.311 m.kr. Inni í þeirri fjárhæð er tekjufært undirverð vegna kaupa á Lykli 2.251 m.kr., sjá nánar í skýringu 37. Tekjur samstæðunnar námu 21.910 m.kr. á árinu. Meðalfjöldi ársverka voru 161. Eignir samstæðunnar í árslok námu 82.755 m.kr., skuldir í árslok námu 60.093 m.kr. og eigið fé í árslok 2020 var 22.662 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall samstæðunnar var 27% í árslok og gjaldþolshlutfall 1,64.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2021.

Hlutfé

Skráð hlutfé félagsins nam í árslok 772 m.kr. Hlutféð er í einum flokki sem skráður er á Nasdaq OMX Nordic Exchange. Allir hlutir njóta sömu réttinda.

Hlutfé félagsins skiptist í árslok á 831 hluthafa, en þeir voru 794 í ársbyrjun og fjölgaði því um 37 á árinu. Tíu stærstu hluthafar félagsins í árslok og hlutfallsleg eign þeirra er eftirfarandi:

Hluthafi:	Eignarhlutur í þús. kr.	Eignarhlutur í %
Stoðir hf.	76.417	9,90
Lífeyrissjóður verslunarmanna	73.964	9,58
Gildi lífeyrissjóður	67.588	8,76
Íslandsbanki hf.	57.306	7,42
Birta lífeyrissjóður	51.052	6,61
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	50.608	6,56
Stapi lífeyrissjóður	33.922	4,39
Brú lífeyrissjóður	30.778	3,99
Landsbankinn hf.	26.868	3,48
Stefnir - ÍS 15	25.259	3,27
-	493.762	63,96
Aðrir hluthafar	278.131	36,04
Heildar útgefið hlutfé	771.893	100,00

Frekari upplýsingar um hlutfé eru í skýringu 31 og á heimasíðu félagsins, www.tm.is.

Stjórnarhættir

Við stjórnarhætti TM er fylgt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Einnig grundvallast stjórnarhættir félagsins á ýmsum stjórnvaldsfyrirmælum, svo sem reglugerðum og reglum útgefnum af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og Kauphöll. Tilvísanir lagabálkar eru m.a. aðgengilegir á vef Alþingis, alpingi.is og leiðbeiningar um stjórnarhætti eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs, vi.is. Auk þess byggjast stjórnarhættir félagsins á ýmsum stefnum og innri reglum sem það hefur sett sér, til dæmis:

- Starfsreglur stjórnar
- Starfsreglur endurskoðunarnefndar
- Starfsreglur starfskjaranefndar
- Reglur TM um viðskipti innherja og meðferð innherjaupplýsinga
- Reglur TM um atkvæðagreiðslu utanhluthafafundar

Eru þessar reglur aðgengilegar á heimasíðu TM <https://www.tm.is/samthykkir-og-reglur>

Jafnframt hefur félagið, lögum samkvæmt, sett sér m.a. eftirfarandi stefnur: áhættustefnu, stefnu um innra eftirlit, stefnu um innri endurskoðun, stefnu um hæfi og hæfni stjórnarmanna o.fl., stefnu um reglufylgni, stefnu um gæði gagna og gagnaskil, stefnu um tryggingastærðfræði í starfi TM, starfskjarastefnu og útvistunarstefnu.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Stjórnarhættir, frh.:

Félagið fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út og miðar félagið við útgáfu frá maí 2015. Félagið vikor þó frá þeim fyrirmælum leiðbeininganna um að hluthöfum skuli gert kleift að taka þátt í hluthafafundi rafrænt, að hluta til eða fullu, þ.m.t. greiða atkvæði án þess að vera á staðnum. Miðað við stærð og samsetningu hluthafahóps félagsins hefur ekki þótt ástæða að víkja frá núverandi fyrirkomulagi. Hluthöfum er í staðinn veittur kostur á að greiða atkvæði bréflaga eins og hlutafélagalög áskilja. TM hefur fengið viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum á vegum Stjórnvísí.

Stjórn félagsins

Stjórn félagsins er kosin á aðalfundi félagsins og skal hún skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Stjórnarmenn skulu fullnægja þeim hæfisskilyrðum sem kveðið er á um í hlutafélagalögum og lögum um vátryggingastarfsemi. Þá skal samsetning stjórnar og varastjórnar félagsins fullnægja kröfum hlutafélagalaga um að tryggt sé að hlutfall hvors kyns í stjórn sé ekki lægra en 40%. Sitjandi stjórn félagsins fullnægir þeim hæfiskröfum sem lög gera. Kröfum um kynjahlutfall er einnig mætt en í aðalstjórn sitja þrír karlar og tvær konur og í varastjórn karl og kona.

Samkvæmt samþykktum félagsins skal tilnefningarnefnd félagsins meta hvort frambjóðendur til stjórnar á komandi hluthafafundi, þar sem kosning til stjórnar fer fram, teljist óháðir gagnvart félaginu eða hluthöfum sem eiga 10% hlut í félaginu eða meira. Eftir að kosið hefur verið til stjórnar á hluthafafundi skulu einstakir stjórnarmenn að eigin frumkvæði gæta að óhæði sínu eða eftir atvikum stjórnin sjálf, samkvæmt starfsreglum stjórnar TM. Allir núverandi stjórnar- og varastjórnarmenn félagsins teljast óháðir í framangreindum skilningi.

Stjórn félagsins hefur yfirumsjón með starfsemi félagsins og hefur með höndum almennt eftirlit með rekstri félagsins. Starf stjórnar fer almennt fram á stjórnarfundum og skal stjórn félagsins ekki funda sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Þegar einstakir stjórnarmenn eiga þess ekki kost að sækja fundi er þeim heimilt að taka þátt í gegnum síma eða með öðrum fjarskiptabúnaði. Þá er stjórn heimilt að taka einstök mál til meðferðar með rafrænum hætti utan hefðbundins stjórnarfundar. Stjórnin hélt alls 30 stjórnarfundum á árinu 2020 með þátttöku allra aðalmanna nema í 8 tilvikum.

Samkvæmt starfsreglum stjórnar skal stjórn félagsins árlega leggja mat á eigin störf og undirnefnda. Skal þá m.a. horft til mats á styrkleika og veikleika í störfum og verklagi, til stærðar og samsetningar, framfylgni við starfsreglur, hvernig undirbúningi og umræðu mikilvægra málefna var háttað, mætingar og framlags einstakra stjórnarmanna.

Sú skylda hvílir á stjórn að sjá til þess að hluthafar geti með aðgengilegum hætti, utan hluthafafunda í félaginu, komið sjónarmiðum sínum og spurningum á framfæri við hana, s.s. á heimasíðu félagsins. Núverandi fyrirkomulag er með þeim hætti að á svæði stjórnar TM á heimasíðu félagsins er hluthöfum bent á að hafa megí samband við stjórn á netfanginu stjorn@tm.is.

Undirnefndir stjórnar

Í stjórnkerfi félagsins starfa tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd.

Stjórn TM skal eigi síðar en mánuði eftir aðalfund félagsins kjósa þrjá menn til setu í endurskoðunarnefnd. Gert er ráð fyrir því að nefndina skipi að jafnaði þrír stjórnarmenn í félaginu og skuli a.m.k. einn þeirra hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar. Þá skuli nefndarmenn vera óháðir endurskoðendum félagsins og daglegum stjórnendum þess auk þess sem meirihluti nefndarinnar skal vera óháður félaginu og a.m.k. einn nefndarmanna vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Stjórn félagsins er heimilt að kjósa aðra en stjórnarmenn til setu í endurskoðunarnefnd ef ekki er unnt að mæta framangreindum skilyrðum og kröfum um óhæði nefndarmanna. Endurskoðunarnefnd félagsins er nú skipuð Andra Þór Guðmundssyni stjórnarmanni, Sigurði Jónssyni, löggiltum endurskoðanda og Margreti Flóvenz, löggiltum endurskoðanda, sem gegnir formennsku.

Endurskoðunarnefnd skal hittast að lágmarki fjórum sinnum á ári. Það er hlutverk hennar að hafa eftirlit með reikningsskilum, fyrirkomulagi innra eftirlits félagsins o.fl. Endurskoðunarnefnd hélt 13 fundum á árinu 2020 og var nefndin fullskipuð í öllum tilvikum.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Undirnefndir stjórnar, frh.:

Starfskjaranefnd er önnur undirnefnda stjórnar TM en stjórn skal eigi síðar en mánuði eftir aðalfund félagsins kjósa þrjú menn til setu í nefndinni og skulu þeir valdir með hliðsjón af reynslu og þekkingu á viðmiðum og venjum við ákvörðun starfskjara stjórnenda og þýðingu þeirra fyrir félagið. Þá skal meirihluti nefndarmanna vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Stjórn félagsins er heimilt að kjósa aðra en stjórnarmenn til setu í starfskjaranefnd í því skyni að fullnægja framangreindum skilyrðum og óhæði nefndarmanna. Starfskjaranefnd er nú skipuð Einari Erni Ólafssyni stjórnarmanni, sem jafnframt gegnir formennsku, Helgu Kristínu Auðunsdóttur stjórnarmanni og Atla Atlasyni.

Starfskjaranefnd skal funda að lágmarki tvisvar á ári. Nefndin hefur það hlutverk að undirbúa ákvarðanir stjórnar félagsins um almenna starfskjarastefnu félagsins og um starfskjör forstjóra og stjórnarmanna eins og m.a. er kveðið á um í hlutafélagalögum. Starfskjaranefnd fundaði fjórum sinnum á árinu 2020 og var nefndin fullskipuð á öllum fundunum.

Tilnefningarnefnd

Í samþykktum TM er mælt fyrir að innan félagsins skuli starfa tilnefningarnefnd sem skuli skipuð þremur mönnum og skulu tveir þeirra kosnir á aðalfundi. Stjórn félagsins skal skipa þann þriðja eigi síðar en mánuði eftir aðalfund.

Tilnefningarnefnd hefur það meginhlutverk að tilnefna frambjóðendur til stjórnarsetu í félaginu þegar kosning til stjórnar er á dagskrá hluthafafundar. Nánar er kveðið á um kjörgengi til tilnefningarnefndar, framboð til nefndarinnar, kosningu nefndarmanna, mat á óhæði þeirra svo og um störf og starfshætti nefndarinnar í starfsreglum hennar sem hluthafafundur skal samþykkja.

Í tilnefningarnefnd voru kosnar á hluthafafundi 12. mars 2020 þær Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir og Jakobína H. Árnadóttir, sem jafnframt gegnir formennsku, en að auki situr í nefndinni Örvar Kærnested tilnefndur af stjórn félagsins.

Forstjóri

Forstjóri félagsins ber ábyrgð á daglegum rekstri og fer með ákvörðunarvald í þeim málefnum sem honum tilheyrir og ekki eru fallin öðrum að lögum. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar en nánar er kveðið á um valdheimildir forstjóra gagnvart stjórn í ráðningarsamningi hans, áhættuvilja og fjárfestingarstefnu félagsins sem stjórn hefur samþykkt. Forstjóri annast upplýsingagjöf til stjórnar á stjórnarfundum og utan þeirra um rekstur og annað sem stjórn telur þörf á til að geta rækt skyldur sínar.

Forstjóri TM er Sigurður Viðarsson. Sigurður er fæddur 1976 og hóf störf hjá TM í október 2007. Hann starfaði áður hjá Kaupþingi Líf, m.a. sem aðstoðarforstjóri og framkvæmdastjóri fjármála- og tryggingaþjónustu. Sigurður er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

Stjórnarseta: TM tryggingar hf. (stjórnarformaður), Lykill fjármögnun hf. (stjórnarformaður), Spelkan ehf., Samtök Fjármálafyrirtækja og Viðskiptaráð Íslands.

Sigurður á 2.072.403 eignarhluti í TM í gegnum Spelkuna ehf. Engir kaupréttarsamningar eru í gildi milli forstjóra og TM og hann hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í félaginu.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Viðskiptalíkan félagsins

Í takt við samfélagsbreytingar hefur þjónusta TM við viðskiptavinum sína gjörbreytt á þeim tíma sem félagið hefur starfað. Þarfir og aðstæður fólks eru misjafnar, taka sifeldum breytingum og þjónustan verður að taka mið af því. Helsta áskorun TM snýr í dag að þeim miklu breytingum sem orðið hafa vegna örra tækniframfara. Tölvu- og snjallsímaþróunin hefur þegar umbylt mörgu í daglegu lífi á skömmum tíma og viðskipti og þjónusta færast í síauknum mæli yfir á þann vettvang. Neytendur verða sífellt kröfuharðari og ætlast til þess að fyrirtæki mæti þeim með viðeigandi lausnum á réttum tímamarki. Við hjá TM gerum okkur grein fyrir því að nýsköpun er lykillinn að því að kröfum framtíðarinnar verði mætt. Það er okkar hlutverk að mæta viðskiptavinum okkar með nýjar lausnir og þjónustuleiðir sem uppfylla kröfur þeirra. Markmið TM er að bjóða vörur og þjónustu sem fer fram úr væntingum viðskiptavina og styrkir tengslin við þá með viðtækara þjónustuframboði en áður. Á skömmum tíma hefur félagið hleypt af stokkunum snjallsímaforriti fyrir viðskiptavinum sína, greiningartækinu Launavernd TM og vefsölu einstaklingstrygginga sem á sér enga hliðstæðu á íslenskum váttryggingamarkaði og þó víðar væri leitað. TM hefur þannig tekið af skarið sem leiðandi í stafrænum lausnum fyrir sína viðskiptavinum og undirstrikað þann ásetning að vera það félag sem hugsar til framtíðar.

Ahættustýring

Öflug ahættustýring gerir félagið betur í stakk búíð til að takast á við og minnka líkur á óvæntum atburðum sem komið geta í veg fyrir að félagið nái markmiðum sínum. Samhæfð ahættustýring TM starfar skv. ahættustýringarstefnu sem samþykkt er af stjórn. Í stefnunni er ahættustýringarferli félagsins skilgreint en þar koma fram hlutverk og verkefni. Stjórn og stjórnendur stýra ahættu félagsins í samræmi við ahættuvilja TM sem inniheldur ahættumörk sem félagið stefnir á að vera innan. Ahættustýring fylgist með og mælir ahættu og upplýsir stjórn félagsins í ársfjórðungslegum ahættuskýrslum um hvort ahættutaka og gjaldþol er innan ahættumarka stjórnar.

Innra eftirlitskerfi félagsins byggist á skýru stjórnskipulagi með aðgreiningu starfa og leiðbeiningum ásamt ISO 27001 vottuðu stjórnkerfi upplýsingaöryggis, allt undir eftirliti innri endurskoðanda. Innra eftirlit miðar að því að tryggja að félagið vinni sem best að rekstrarmarkmiðum sínum og öðrum markmiðum um starfsemina, að allar upplýsingar séu réttar og að fylgt sé gildandi löggjöf í starfsemi félagsins.

Samfélagsleg ábyrgð

Stefna TM um samfélagsábyrgð felur í sér þrjár meginstoðir: Forvarnir, persónuvernd og upplýsingaöryggi og stuðning við vaxtabrodda samfélagsins. Hlutverk TM er að hjálpa viðskiptavinum að treysta fjárhagslega framtíð sína. Starfsmenn TM og stjórn félagsins telja að með því að hafa samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi í störfum sínum minnki þeir verulega líkur á því að félagið verði fyrir áföllum sem hafi skaðleg áhrif á ímynd þess og orðspor. Samfélagsleg ábyrgð er leiðarljós í daglegri ákvarðanatöku og þannig má hafa jákvæð áhrif á samfélagið, bæta nýtingu auðlinda, auka þekkingu og lækka kostnað. Skýrt leiðarljós um samfélagsábyrgð styður jafnframt við gildi félagsins um heiðarleika og sanngírni.

TM hefur um árabil verið meðvitað um samfélagslega ábyrgð sína en váttryggingafélög um heim allan hafa beint sjónum sínum að málaflöknum ekki síst hvað varðar loftslagsmálin. Á undanförmum árum hafa tjón af veðurtengdum atburðum sem rekja má til hlýnunar jarðar aukist verulega, bæði hvað varðar tíðni og alvarleika slíkra atburða. TM hefur vakið athygli á þessari þróun og fengið m.a. sérfræðing til landsins til að halda erindi um auknar öfgar í veðri og áhrif þeirra á tryggingastarfsemi í heiminum.

Í umfjöllun um samfélagslega ábyrgð váttryggingafélaga er gjarnan rætt um þrjú þroskastig við innleiðingu á slíkri stefnu:

1. Eigin starfsemi, innleiðing markmiða og mælikvarða fyrir félagið sjálft.
2. Samfélagsleg ábyrgð í fjárfestingum.
3. Val á viðskiptum út frá samfélagslegri ábyrgð

Segja má að TM hafi lagt megin áherslu á fyrsta þáttinn en hefur í auknum mæli verið að horfa til ákvarðana varðandi fjárfestingar (stig 2) og var m.a. stofnaðili að IcelandSIF. Tilgangur þess félags er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábygrra fjárfestinga og auka umræður um sjálfbærar fjárfestingar.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Samfélagsleg ábyrgð, frh.:

TM hefur einnig horft til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og PSI (Principles for Sustainable Insurance) rammans fyrir váttryggingafélög. Í þeim ramma er samfélagsleg ábyrgð tengd við áhættustýringu sem er einn mikilvægasti þátturinn í tryggingarekstri. TM gefur árlega út samfélagskýrslu (e. ESG) auk þess sem það birtir sambærilegar upplýsingar á vefkerfi Nasdaq OMX.

Í tengslum við kaupin á Lykli stóð til að endurnýja stefnu félagsins varðandi samfélagslega ábyrgð en ákveðið var að biða með það verkefni vegna fyrirhugaðrar sameiningar félagsins við Kviku banka. Reikna má með að sett verði ný stefna fyrir samstæðuna í heild að lokinni sameiningu.

Markmið um loftslagsmál

TM hefur undirritað yfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar um loftslagsmál og sett sér markmið í þeim efnum til 2030. Markmið félagsins er að minnka kolefnisfótspor sitt um a.m.k. 34% og auka flokkun úrgangs í 80% á tímabilinu. TM hóf skipulegar umhverfismælingar á árinu 2015 en kolefnisfótspor félagsins á árinu 2020 var 524 kg á hvert stöðugildi (2019: 1.273 kg). Verulega dró úr losunarkræfni starfsmanna vegna áhrifa Covid eða um sem nemur 59%, aðallega vegna meiri heimavinnu starfsmanna, færri flugferðum og bættri nýtingu húsnæðis í kjölfar kaupanna á Lykli. Flokkunarhlutfall úrgangs lækkaði hins vegar á árinu í 31% (2019: 46%) og stafar það fyrst og fremst af úrgangi frá framkvæmdum í tengslum við flutning á starfsemi Lykils í höfuðstöðvar félagsins.

Starfsmannastefna

Meginmarkmið starfsmannastefnu TM er að félagið hafi á að skipa hæfu, heiðarlegu og framsæknu starfsfólki, og að TM veiti starfsfólki sínu sem best skilyrði til að sinna þeim verkefnum sem störf þeirra krefjast og möguleika til þess að vaxa og dafna í starfi. Skýr starfsmannastefna styður félagið í að veita og viðhalda framúrskarandi þjónustu til viðskiptavina og samstarfsfélaga. Hjá TM leggja allir sitt af mörkum til að skapa góðan starfsanda. Það er stefna TM að starfsmönnum líði vel á vinnustað þar sem þeir eru virkir þátttakendur og mæta stuðningi og sanngirni. Samskipti og framkoma starfsmanna einkennist af heiðarleika, virðingu og trausti. Vinnustaðargreiningar eru framkvæmdar reglulega og er markvisst unnið úr niðurstöðum þeirra í því skyni að auka starfsánægju. TM leggur ríka áherslu á kynjajafnrétti og jafnréttismál eru meðal forgangsmála í þróun og framtíðarsýn félagsins. Hver starfsmaður skal metinn á eigin forsendum óháð kynferði og öll mismunun er óheimil innan félagsins í hvaða formi sem hún birtist. TM hefur haft jafnlaunavottun frá árinu 2014 og var með fyrstu fyrirtækjum til að fá viðurkenningu Jafnréttisvísis Capacent.

Aðgerðir gegn mútum og spillingu

Félagið hefur sett sér siðareglur um samskipti starfsmanna við viðskiptavini, birgja og aðra aðila. Reglurnar ná til stjórnar félagsins, umboðsmanna, verktaka og annarra samstarfsaðila sem koma fram undir merkjum TM. Siðareglurnar er að finna á vef félagsins: <https://www.tm.is/stjornarhaettir>

Skipulag samstæðunnar

Eftir kaup TM á Lykli fjármögnun hf. (Lykill) varð félagið hluti af samstæðu TM á árinu 2020 en endanlegt kaupverð var 9.597 m.kr. Kaupin á Lykli eru í samræmi við stefnu TM. Starfsemi Lykils hefur verið færð í höfuðstöðvar TM að Síðumúla 24.

Skipting TM fé hf. til TM trygginga hf. og sameining við TM hf. var liður í því ferli að fá heimild frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands til aukins starfsleyfis í skaðatryggingum og yfirfærslu á váttryggingastofni frá móðurfélaginu TM hf. til TM trygginga hf. og var stofninn fluttur í byrjun árs 2021. Eftir endurskipulagningu samstæðunnar er TM tryggingar hf. váttryggingahluti samstæðunnar með rekstur skaðatrygginga en TM líftryggingar hf. og Íslensk endurtrygging hf. dótturfélög TM trygginga hf. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að tilgreina samstæðu TM hf. sem fjármálasamsteypu á váttryggingasviði, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 61/2017 um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum. Í því felst m.a. að upplýsa þarf Fjármálaeftirlitið árlega um verulega samþjöppun áhættu fjármálasamsteypunnar, veruleg viðskipti innan samsteypunnar og niðurstöður athugunar á fjárhagsstöðu samsteypunnar, en eftirlitsskyldum aðilum innan samsteypunnar ber að tryggja að eiginfjárgrunnur hennar sé á hverjum tíma ekki lægri en lágmarksgjaldþol samsteypunnar skv. 1. mgr. 15. gr. laganna. Þá þarf innra eftirlit og áhættustýring að vera fyrir hendi á samsteypugrundvelli, auk traustrar stjórnunar- og endurskoðunarferla, sbr. 1. mgr. 23. gr. laganna. Þá mun Fjármálaeftirlitið sjá til þess að reglulega séu framkvæmd álagspróf á stöðu samsteypunnar, sbr. 24. gr. laganna.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Sameining við Kviku banka hf.

Þann 29. september s.l. samþykktu stjórnir Kviku banka og TM að hefja viðræður um sameiningu félaganna. Forsendur sameiningarinnar eru að TM tryggingar verði dótturfélag Kviku banka og að Lykill fjármögnun hf., núverandi dótturfélag TM, sameinist Kviku banka. Þá er gert ráð fyrir að hluthafar í TM fái sem endurgjald fyrir hlutabréf sín í TM 54,4% hlut í sameinuðu félagi miðað við útgefna hluti félaganna. Sameining félaganna var samþykkt í stjórn félaganna þann 25. nóvember s.l. eftir gagnkvæmar áreiðanleikakannanir. Væntanleg sameining er háð samþykki eftirlitsaðila og hluthafa beggja félaga. Stjórnir félaganna telja raunhæft að ná fram 1.200–1.500 m.kr. kostnaðarsamlegð með sameiningu félaganna, án viðskipta- og einskiptiskostnaðar sem talinn er vera 250-300 m.kr. Gert er ráð fyrir að stærsti hluti kostnaðarsamlegðar komi til vegna hagkvæmari fjármögnunar. Sameinað félag verður fjárhagslega sterkt fyrirtæki með breiðan tekjugrunn sem mun geta boðið viðskiptavinum sínum upp á fjölbætta þjónustu á öllum helstu sviðum fjármála- og tryggingaþjónustu.

Covid-19

Útbreiðsla Covid-19 veirunnar hefur haft víðtæk áhrif á efnahagssumhverfið á heimsvísu. Hér á landi hafa áhrifin verið mikil á árinu og haft víðtæk áhrif á bæði einstaklinga og fyrirtæki. Landsframleiðslan hefur dregist verulega saman og atvinnuleysi aukist hratt. Ekki er ljóst á þessari stundu hversu lengi áhrifin vara og er það einkum háð framleiðslu og dreifingu bóluafna gegn veirunni.

Hvað TM varðar þá var fljótt gripið til ráðstafana varðandi rekstur félagsins. Stór hluti starfsmanna hefur unnið að heiman á árinu en fljótt gekk að afla búnaðar til verksins og tryggja hámarks upplýsingaöryggi. Félagið hefur í einu og öllu fylgt fyrirmælum sóttvarnaryfirvalda varðandi ráðstafanir í starfsemi.

Ljóst er að faraldurinn hefur haft fjárhagsleg áhrif á váttrygginga- og fjármögnunarstarfsemi félagsins. Hvað váttryggingarnar varðar þá hefur dregið verulega úr iðgjöldum bílaleiga en samdráttur í iðgjöldum ökutækjatrýgginga á milli ára nemur um 6%. Hvað varðar viðskiptakröfur og útlán þá jókst virðisrýmun á milli ára um 475 m.kr. ef gengið er út frá því að Lykill hefði verið hluti af samstæðunni á árinu 2019. Lykill hefur boðið bæði einstaklingum og fyrirtækjum tímabundin greiðsluúrræði. Faraldurinn hefur hins vegar haft lítil áhrif á fjárfestingar TM en afkoma þeirra batnaði verulega á milli ára.

Samsett hlutfall

Samsett hlutfall sem er einn af lykilmælikvörðum félagsins er reiknað út í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 1/2020, en hlutfallið er samanlagt tjónshlutfall, kostnaðarhlutfall og endurtryggingahlutfall reiknað út frá iðgjöldum tímabilsins. Ekki er nú tekið tillit til vaxta- og gengisbreytinga í samsettu hlutfalli.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samstæðuársreikningur TM hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingagjöf í samstæðureikningum félaga sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2020, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2020.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við. Vísað er í skýringar 38-45 um áhættustýringu samstæðunnar.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Stjórn og forstjóri TM hf. hafa í dag farið yfir samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 17. febrúar 2021

Stjórn:

Örvar Kærnested, stjórnarformaður

Andri Þór Guðmundsson, meðstjórnandi

Einar Örn Ólafsson, meðstjórnandi

Helga Kristín Auðunsdóttir, meðstjórnandi

Kristín Friðgeirsdóttir, meðstjórnandi

Forstjóri:

Sigurður Viðarsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa TM hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning TM hf. og dótturfélaga (samstæðan) fyrir árið 2020, að undanskilinni skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2020, efnahag hennar 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar.

Samstæðuársreikningurinn innifelur

- Skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra.
- Rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu fyrir árið 2020.
- Efnahagsreikning þann 31. desember 2020.
- Eiginfjáryfirlit fyrir árið 2020.
- Sjóðstreymisyfirlit fyrir árið 2020.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra og hluti skýringa eru undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð samstæðunni samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt samstæðunni og félögum innan hennar er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Gerð er grein fyrir annarri þjónustu sem við höfum veitt samstæðunni og félögum innan hennar, á árinu 2020, í skýringu 15.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar árið 2020. Sem hluti af endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á samstæðuársreikningnum í heild.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Mat á tjónaskuld

Tjónaskuld er sú fjárhagslega skuldbinding sem hvílir á samstæðunni vegna óuppgerðra tjóna í heild sinni og nam kr. 15,7 milljörðum þann 31. desember 2020 eða um 26% af heildarskuldum samstæðunnar. Sjá nánar skýringu nr. 33 um váttryggingaskuld.

Mat á tjónaskuld er háð faglegu mati og byggir á heildarfjárhæð tilkynntra óuppgerðra tjóna, tryggingafræðilegri áætlun fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum, uppgjörskostnaði og fleiri þáttum. Við gerð matsins er tekið tillit til áætlana vegna allra sammingsbundinna sjóðshreyfinga vegna tjóna og tjónakostnaðar.

Erfiðara er að meta ótilkynnt tjón en orðin tjón á hverjum uppgjörstíma þar sem takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um slík tjón. Til viðbótar er meiri breytileiki á tjónum sem hafa langan uppgjörstíma og getur munað á upphaflegu mati og endanlegu uppgjöri.

Mat á tjónaskuld er háð gæðum undirliggjandi gagna. Þar á meðal flóknu mati um framtíðarþróun atburða og smávægileg breyting á forsendum getur breytt fjárhæð tjónaskuldar verulega.

Tjónaskuld er verulegur liður í reikningssskilum samstæðunnar. Vegna flækjustigs og umfangs matskenndra þátta við útreikning á tjónaskuld er þessi liður lykilatriði í endurskoðun okkar.

Endurskoðunaraðgerðir

Endurskoðun okkar samanstóð af aðgerða-endurskoðun, gagnaendurskoðun og greiningum.

Við öfluðum skilnings á tjónaferlinu og ferli við útreikning tjónaskuldar.

Endurskoðunaraðgerðir okkar fólust meðal annars í eftirfarandi þáttum:

- Forsendur stjórnenda við mat á tjónaskuld voru yfirfarnar, þar með talið með tilliti til sögulegra gagna um endanleg uppgjör tjóna niður á tjónaflokka. Yfirferð okkar fólst meðal annars í því að greina og meta mikilvæga þætti í mati á tjónaskuld.
- Prófun á áreiðanleika upplýsingakerfa sem útreikningar tjónaskuldar byggja á.
- Aðgerðaendurskoðun á eftirlitsaðgerðum stjórnenda tengt tjónsáætlunum.
- Gagnaendurskoðun á heild og nákvæmni þeirra gagna sem útreikningur tjónaskuldarinnar byggir á.
- Afstemmingar milli upplýsingakerfa sem útreikningur tjónaskuldarinnar byggir á voru yfirfarnar.
- Framkvæmdur var sjálfstæður tryggingafræðilegur endurreikningur á tjónaskuldinni.
- Framkvæmdar voru úrtaksprófanir á váttrygginga-skírteinum, uppperðum og óuppgerðum tjónum.

Tryggingastærðfræðingar PwC aðstoðuðu við endurskoðun tjónaskuldarinnar.

Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Kaup á eignarhlutum í Lykli fjármögnun hf. og útteiling kaupverðs.

Kaup á öllum eignarhlutum í Lykli fjármögnun hf. kom til framkvæmda í janúar 2020 og nam heildarkaupverð kr. 9.597 milljónum.

Undirverð að fjárhæð kr. 2.251 milljónir myndaðist við kaupverðsútteilingu og var fært til tekna í rekstrarreikningi ársins 2020.

Sjá nánar skýringu nr. 37 um kaup TM hf. á Lykli fjármögnun hf.

Samstæðan framkvæmdi kaupverðsútteilingu með því að meta aðgreinanlegar yfirteknar eignir og skuldir yfirteknna félagsins til gangvirðis. Mat samstæðunnar var að gangvirði yfirteknna eigna og skulda væri í samræmi við bókfært verð hjá Lykli fjármögnun hf. á yfirtökudegi. Jafnframt að ekki hefðu myndast nýjar aðgreinanlegar eignir eða skuldir.

Áhrif kaupanna og útteiling kaupverðs eru veruleg í reikningssskilum samstæðunnar. Jafnframt er um verulega matskennda þætti að ræða sem meðal annars byggja á mati stjórnenda. Þess vegna er reikningsleg meðhöndlun tengd kaupunum, forsendur og mat sem lagt er til grundvallar útteilingar kaupverðs lykilatriði í endurskoðun okkar.

Endurskoðun á reikningslegri meðhöndlun, forsendum og mati tengt útteilingu kaupverðs fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum:

- Kaupsamningar og aðrar upplýsingar tengdar kaupunum voru yfirfarnir til þess að afla skilnings á viðskiptunum.
- Framkvæmdur var endurútreikningur á kaupverði.
- Forsendur og mat stjórnenda við útteilingu kaupverðs voru yfirfarnar.
- Færsla undirverðs var yfirfarin með tilliti til ákvæða alþjóðlegs reikningssskilastaðals nr. 3, sameining félaga (IFRS 3).
- Farið var yfir rök stjórnenda fyrir því að ekki hafi myndast aðgreinanlegar eignir og skuldir við kaupin og þá forsendu að bókfært virði yfirteknna eigna og skulda endurspegladi gangvirði á yfirtökudegi.

Verðmatssérfræðingar PwC aðstoðuðu við endurskoðun á mati og framsetningu.

Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Mat á virðisrýrnun leigusamninga og útlána

Leigusamningar og útlán til viðskiptavina samstæðunnar námu kr. 38,8 milljörðum þann 31. desember 2020 eða um 47% af heildareignum samstæðunnar. Uppsöfnuð virðisrýrnun nam kr. 805 milljónum þann 31. desember 2020.

Sjá nánar skýringar nr. 7(iii) um reikningsskilaaðferðir tengt virðisrýrnun, nr. 17 og 22 um virðisrýrnun fjáreigna og nr. 24 um leigusamninga og útlán.

Fjárhæð virðisrýrnunar leigusamninga og útlána byggir á forsendum sem margar hverjar eru háðar mati stjórnenda. Við mat á væntu útlánatapi (ECL) notar samstæðan líkan um framtíðarhorfur í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal nr. 9, Fjármálagæringar (IFRS 9).

Mikilvægar forsendur við mat eru:

- Líkur á alvarlegum vanskilum og framtíðar sjóðstreymi viðskiptavina.
- Hvernig breytingar á efnahagsþáttum hafa áhrif á vænt útlánatap.
- Mat á tryggingum.

Vegna þess hve matskenndur liðurinn er og einnig vegna þess hve leigusamningar og útlán eru stór hluti efnahagsreiknings samstæðunnar teljum við mat á virðisrýrnun leigusamninga og útlána vera lykilatriði í endurskoðun okkar.

Endurskoðunaraðgerðir

Endurskoðun okkar samanstóð af aðgerða-endurskoðun, gagnaendurskoðun og greiningum.

Við öfluðum skilnings á útlánaferlinu, útlánaáhættu og virðisrýrnunarmati leigusamninga og útlána til viðskiptavina.

Við framkvæmdum prófanir á virðisrýrnarlíkani samstæðunnar og lögðum mat á aðferðafræði fyrir mat á væntu útlánatapi. Við yfirförum sérstaklega að aðferðafræði við mat leigusamninga og útlána væri viðeigandi m.t.t. ákvæða IFRS 9.

Endurskoðunaraðgerðir okkar fólust m.a. í eftirfarandi þáttum:

- Yfirferð á virðisrýrnarlíkani m.t.t. breytinga sem voru gerðar á árinu.
- Prófunum á áreiðanleika upplýsingakerfa sem útreikningar á leigusamningum og útlánnum og virðisrýrnun þeirra byggja á.
 - Aðgerðarendurskoðun á forsendum lánasafns með því að rekja grunnforsendur í undirliggjandi samninga.
 - Aðgerðaendurskoðun á samþykki nýrra lánveitinga m.t.t. útlánareglna.
 - Prófunum á virkni eftirlitsaðgerða í upplýsingakerfi sem snúa að, flokkun vanskila, útreikningum á lokastöðum útlána, útreikning á vöxtum, móttöku greiðslna og útreikning á tryggingaverðmæti.
 - Staðfestingu á að forsendur í niðurfærslumódeli væru viðeigandi með því að rekja þær í viðeigandi ytri upplýsingar.
 - Framkvæmd sjálfstæða greiningu á stigflokkun lána og bárum saman við flokkun í virðisrýrnunarmódeli.
 - Gagnaendurskoðun á seldum eignum með samanburði við matsverð til að leggja mat á forsendur við mat á tryggingaverðmæti.
 - Úrtaksprófanir á greiðslum eftir áramót.
 - Prófunum á réttmæti útreikninga virðisrýrnunarlíkansins.
 - Yfirferð afstemminga milli lánakerfis og fjárhagsbókhalds.

Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, skýring nr. 51 ársfjórðungayfirlit og viðauki við skýringu nr. 33 sem lágu fyrir við áritun okkar. Aðrar upplýsingar eru jafnframt ársskýrsla félagsins. Ársskýrsla liggur ekki fyrir við áritun okkar á samstæðuársreikningnum en við búumst við að fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga þ.m.t. skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í samstæðuársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórnendum samstæðunnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samstæðunnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samstæðuna upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi samstæðunnar. Stjórnendum samstæðunnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á samstæðuársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins, frh.:

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi samstæðunnar eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hennar. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í samstæðuársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samstæðan verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félaga og eininga innan samstæðunnar og veitum álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ábyrgð á álitum okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og að við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

Kosning endurskoðanda

Við vorum fyrst kosin endurskoðendur á aðalfundi félagsins þann 12. mars 2015. Kosning okkar hefur verið endurnýjuð árlega á aðalfundi félagsins og höfum við því verið endurskoðendur félagsins samfelt í 6 ár.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi

Bryndís Björk Guðjónsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Iðgjöld ársins		16.413.062	16.863.419
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum		(763.205)	(659.632)
Eigin iðgjöld	10	<u>15.649.857</u>	<u>16.203.787</u>
Hreinar vaxtatekjur af fjármögnunarstarfsemi		1.214.663	0
Rekstrarleigutekjur		814.211	0
Hreinar tekjur af fjármögnunarstarfsemi	11	<u>2.028.874</u>	<u>0</u>
Fjárfestingatekjur	12	4.126.333	2.945.180
Aðrar tekjur		104.510	29.101
Heildartekjur		<u>21.909.574</u>	<u>19.178.068</u>
Tjónakostnaður		(12.218.592)	(13.024.688)
Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði		686.819	110.870
Eigin tjón	13	<u>(11.531.773)</u>	<u>(12.913.818)</u>
Vöxtun, vaxta- og gengisbreytingar váttryggingaskuldar	33	(557.455)	(625.737)
Rekstrarkostnaður	15	(5.020.607)	(3.440.990)
Afskriftir af rekstrarleigugeignum	25	(382.282)	0
Fjármagnsgjöld	16	(226.537)	(228.942)
Virðisrýmun fjáreigna	17	(768.182)	(95.868)
Heildargjöld		<u>(18.486.835)</u>	<u>(17.305.355)</u>
Rekstrarhagnaður		3.422.739	1.872.712
Undirverð vegna kaupa á Lykli fjármögnun hf.	37	<u>2.250.503</u>	<u>0</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		<u>5.673.242</u>	<u>1.872.712</u>
Tekjuskattur	19	(362.547)	(7.059)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins		<u>5.310.695</u>	<u>1.865.653</u>
Skipting hagnaðar			
Hluthafar móðurfélags		<u>5.310.695</u>	<u>1.865.653</u>
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	18	6,88	2,74

Skýringar á blaðsíðum 20 til 64 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Rekstrarfjármunir og leiguréttindi	20	830.172	705.342
Viðskiptavild og óefnislegar eignir	21	836.700	665.953
Leigusamningar og útlán	24	38.834.809	0
Rekstrarleigugeignir	25	1.862.403	0
Viðskiptakröfur og útlán í váttryggingastarfsemi	26	4.677.386	4.930.157
Verðbréf	27	28.252.427	28.015.235
Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	28	85.881	59.282
Afleiðusamningar	27	1.345.915	0
Skatteign	29	1.024.386	99.743
Endurtryggingaeignir	33	669.995	415.123
Aðrar eignir	30	176.917	29.960
Handbært fé	23	4.157.687	6.433.415
		<u>82.754.678</u>	<u>41.354.210</u>
Eigið fé			
Hlutafé		771.893	771.893
Yfirverðsreikningur hlutafjár		3.288.266	3.288.266
Lögbundinn varasjóður		192.973	192.973
Bundið eigið fé		7.277.256	5.212.538
Óráðstafað eigið fé		11.131.377	7.885.669
	31,32	<u>22.661.765</u>	<u>17.351.339</u>
Skuldir			
Víkjandi lán	34	2.308.908	2.231.048
Lántaka	35	33.949.842	0
Leiguskuldbinding	20	391.947	515.197
Váttryggingaskuld	33	21.393.335	20.080.115
Líftryggingaskuld með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	28	85.881	59.282
Afleiðusamningar	27	33.283	35.167
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	36	1.929.717	1.082.062
		<u>60.092.913</u>	<u>24.002.871</u>
		<u>82.754.678</u>	<u>41.354.210</u>

Skýringar á blaðsíðum 20 til 64 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Eiginfjárfirlit árið 2020

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2019	678.143	425.516	270.710	4.362.638	7.492.178	13.229.185
Heildarhagnaður ársins					1.865.653	1.865.653
Fært á bundið eigið fé				849.900	(849.900)	
Hluthafar						
Útgefið hlutfé	93.750	2.862.750				2.956.500
Greiddur arður					(700.000)	(700.000)
Lögbundinn varasjóður færður í 25% af hlutfé			(77.737)		77.737	
	93.750	2.862.750	(77.737)	0	(622.263)	2.256.500
Eigið fé 31.12.2019	771.893	3.288.266	192.973	5.212.538	7.885.669	17.351.339
Eigið fé 1.1.2020	771.893	3.288.266	192.973	5.212.538	7.885.669	17.351.339
Leiðrétting á stöðu 1.1.2020					(269)	(269)
Heildarhagnaður ársins					5.310.695	5.310.695
Fært á bundið eigið fé				2.064.718	(2.064.718)	
Eigið fé 31.12.2020	771.893	3.288.266	192.973	7.277.256	11.131.377	22.661.765

Skýringar á blaðsíðum 20 til 64 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 31. desember 2020

	2020 1.1.-31.12	2019 1.1.-31.12
Handbært fé frá rekstri		
Iðgjöld, móttækin	15.815.854	16.436.808
Tjón, greidd	(11.045.896)	(11.498.760)
Rekstrarkostnaður, greiddur	(2.888.323)	(2.773.518)
Handbært fé frá váttryggingastarfsemi	<u>1.881.635</u>	<u>2.164.530</u>
Vaxtatekjur, innborgaðar	555.013	437.761
Fjármagnsgjöld, greidd	(150.141)	(170.901)
Fjárfestingatekjur, innborgaðar	1.119.967	996.435
Rekstrarkostnaður, greiddur	(393.858)	(378.207)
Handbært fé frá fjárfestingastarfsemi	<u>1.130.981</u>	<u>885.088</u>
Innborgaðar rekstrarleigutekjur	753.790	0
Vaxtatekjur, innborgaðar	2.569.250	0
Vaxtagjöld, greidd	(860.967)	0
Rekstrarkostnaður, greiddur	(1.451.337)	0
Handbært fé frá fjármögnunarstarfsemi	<u>1.010.736</u>	<u>0</u>
Skattar, greiddir	0	0
Handbært fé frá rekstri	<u>4.023.352</u>	<u>3.049.618</u>
Fjárfestingahreyfingar		
Verðbréf, breyting	2.469.176	(156.647)
Útlán, breyting	(3.999.298)	205.570
Kaup á Lykli fjármögnun hf.	(9.596.848)	0
Rekstrarfjármunir, kaup	(634.057)	(5.002)
Rekstrarfjármunir, sala	825.227	5.200
Óefnislegar eignir, kaup	(186.661)	(232.087)
Fjárfestingarhreyfingar	<u>(11.122.461)</u>	<u>(182.966)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Útgefið hlutafé	0	2.956.500
Arður til hluthafa	(19)	(700.939)
Leiguskuldbinding, breyting	(138.586)	(127.985)
Lántaka, breyting	2.192.778	0
Fjármögnunarhreyfingar	<u>2.054.173</u>	<u>2.127.576</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(5.044.936)	4.994.228
Hækkun á handbæru fé vegna kaupa á Lykli hf.	2.769.208	0
Handbært fé í ársbyrjun.....	<u>6.433.415</u>	<u>1.439.187</u>
Handbært fé í lok árs	<u>23 4.157.687</u>	<u>6.433.415</u>

Skýringar á blaðsíðum 20 til 64 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Efnisyfirlit skýringa

Skýr.	bis.
1 Almennar upplýsingar	20
2 Grundvöllur reikningsskilanna	20
3 Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill	20
4 Erlendir gjaldmiðlar	20
5 Grundvöllur samstæðu	20
6 Grundvöllur matsaðferða	21
7 Mat og ákvarðanir	21
8 Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu	21
9 Starfsþáttayfirlit	23
10 Eigin iðgjöld	26
11 Hreinar tekjur af fjármögnunarstarfsemi	26
12 Fjárfestingatekjur	26
13 Eigin tjón	26
14 Niðurstaða endurtrygginga	27
15 Rekstrarkostnaður	27
16 Fjármagnsgjöld	27
17 Virðisrýrnun fjáreigna	27
18 Hagnaður á hlut	28
19 Tekjuskattur	28
20 Rekstrarfjármunir og leiguréttindi	29
21 Viðskiptavild og óefnislegar eignir	30
22 Fjáreignir og fjárskuldir	31
23 Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda	35
24 Leigusamningar og útlán	36
25 Rekstrarleigugeignir	37
26 Viðskiptakröfur og útlán í váttryggingastarfsemi	37
27 Verðbréf	38
28 Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	40
29 Skatteign	40
30 Aðrar eignir	40
31 Hlutfé og varasjóðir	41
32 Gjaldþol	42
33 Váttryggingaskuld	43
34 Víkjandi lán	46
35 Lántaka	46
36 Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímskuldir	47
37 Kaup TM hf. á Lykli fjármögnun hf.	47
38 Yfirlit	49
39 Váttryggingaáhætta	50
40 Úlána- og mótaðilaáhætta	52
41 Markaðsáhætta	56
42 Lausafjáraáhætta	58
43 Rekstraráhætta	60
44 Viðskiptaáhætta	60
45 Eiginfjárstýring	60
46 Tengdir aðilar	60
47 Dótturfélög í samstæðu	61
48 Kennitölur	62
49 Covid-19	62
50 Sameining við Kviku banka hf.	63
51 Ársfjórðungayfirlit (óendurskoðað)	64

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

TM hf. („Félagið“) er með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess að Síðumúla 24 í Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2020 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“. Lista yfir dótturfélögin er að finna í skýringu 47. Aðalstarfsemi félagsins felst í váttrygginga-, fjármögnunar-, og fjárfestingastarfsemi. Fjármögnunarstarfsemi, sem kemur ný inn í samstæðuna árið 2020, fer fram í félaginu Lykli fjármögnun hf. (Lykill) og felst í meginatriðum í fjármögnun á einkabífreiðum, atvinnutækjum og í fasteignatengdum verkefnum.

Í október 2019 undirrituðu Klakki ehf. og TM hf. samning um kaup á öllu hlutafé Lykils. Kaupin voru frágengin í byrjun janúar 2020 og frá þeim tíma er Lykill hluti af samstæðunni. Nánar er fjallað um kaupin í skýringu 37.

Við kaup TM hf. á Lykli varð veruleg breyting á umfangi samstæðunnar og við hana bætist fjármögnunarstarfsemi sem ekki var áður í reikningsskilum hennar, með tilheyrandi skýringum.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Þann 18. mars 2020 sendi Fjármálaeftirlitið frá sér leiðbeinandi tilmæli um samræmda framsetningu tiltekinna skýringarliða í ársreikningum tryggingafélaga (LT 1/2020). TM hefur innleitt þessi tilmæli að mestu leyti og er ársreikningur samstæðunnar settur upp í samræmi við þau. Helstu breytingar varða skilgreiningar á iðgjaldatekjum, tjónakostnaði, rekstrarkostnaði af váttryggingarekstri, niðurstöðu endurtrygginga, fjárfestingatekjum af váttryggingastarfsemi og kennitölum. Sá hluti breytinga á váttryggingaskuld sem rekja má til vöxtunar, vaxta- og gengisbreytinga fyrri ára er nú ekki hluti af tjónakostnaði eða iðgjaldatekjum samstæðunnar heldur er breytingin sérgreind undir fjármálarekstri í skýringu 9 sem sýnir rekstrarafkomu starfsþátta. Þar sem breytingar á núvirtri skuldbindingu er varða vöxtun og vaxtabreytingar eru ekki lengur hluti af tjónakostnaði samstæðunnar þá eru ekki reiknaðar fjárfestingatekjur af núvirtum skuldbindingum sem þýðir að einungis eru reiknaðar fjárfestingatekjur af iðgjaldaskuld samstæðunnar. Ágóðahlutdeild og umboðslaun frá endurtryggjendum eru ekki sýnd sem hluti af rekstrarkostnaði váttrygginga eins og áður hefur verið heldur er hluti af niðurstöðu endurtrygginga.

Samanburðarfjárhæðum sem sýna iðgjöld, iðgjöld í hlut endurtryggjenda, eigin iðgjöld, tjónakostnað, tjónakostnað í hlut endurtryggjenda, eigin tjónakostnað, rekstrarkostnað af váttryggingarekstri og fjármunatekjum af váttryggingarekstri fyrir árið 2019 hefur verið breytt í samræmi við LT 1/2020. Þessar fjárhæðir er að finna í rekstrarreikningi, skýringu 9 um rekstrarafkomu starfsþátta, skýringu 10 um eigin iðgjöld, skýringu 13 um eigin tjón og í ársfjórðungsyfirliti yfir afkomu. Samanburðarkennitölum í skýringu 48 hefur einnig verið breytt og bætt hefur verið við skýringu um niðurstöðu endurtryggjenda, skýringu 14.

Stjórn TM hf. staðfesti ársreikninginn þann 17. febrúar 2021.

3. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum, nema annað sé tekið fram.

4. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsgengi. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning.

5. Grundvöllur samstæðu

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Hlutdeild minnihluta er sá hluti afkomu og hreinnar eignar sem félagið á ekki, hvorki beint né óbeint. Hlutdeild minnihluta er sýnd sérstaklega í rekstrarreikningi samstæðunnar og er talin með eigin fé í efnahagsreikningi samstæðunnar, aðskilin frá eigin fé sem tilheyrir eigendum félagsins.

Skýringar, frh.:

6. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur félagsins er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að verðbréf og fjárfestingafasteignir eru færð á gangvirði.

7. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar fjárhæðir kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Lykilþættir í óvissu á mati

(i) Endanleg skuldbinding vegna tjónabóta

Mat á skuldbindingu vegna væntra endanlegra tjónabóta samstæðunnar vegna gerðra váttryggingasamninga er mikilvægasta reikningshaldslega mat samstæðunnar. Við mat á skuldbindingunni þarf að taka tillit til margra þátta sem háðir eru óvissu. Mesta óvissan liggur í tjónamati tilkynnta tjóna auk mats á ótilkynntum tjónum. Samstæðan notar tölfraeðiaðferðir við að áætla endanlegan tjónakostnað vegna orðinna tjóna. Áhætta tengd skaðatryggingum og þá sérstaklega slysatryggingum er háð mörgum þáttum. Sjá nánar skýringu 33 og næmnigreiningu í skýringu nr. 39.

(ii) Ákvörðun á gangvirði fjáreigna

Eins og fram kemur í skýringu 27 eru verðbréf samstæðunnar að langmestu leyti metin á gangvirði í efnahagsreikningi. Skráð gengi er til fyrir meirihluta þessara eigna. Aðferðir við mat á gangvirði óskráðra verðbréfa byggja á viðurkenndum matsaðferðum. Mesta óvissan er vegna skorts á aðgengi að upplýsingum frá viðkomandi rekstrareiningum auk mats á seljanleikaálagi.

Mat á gangvirði er gert á ákveðnum tímapunkti sem tekur mið af markaðsaðstæðum og upplýsingum um viðkomandi fjáreign. Um hlutlægt mat er að ræða sem er háð óvissum þáttum, t.d. vaxtaprósentum, flökti, mati á sjóðstreymi og fleiri þáttum. Sjá nánar í skýringu 27.

(iii) Ákvörðun virðisrýrnunar fjáreigna

Niðurfærsluþörf fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er metin eins og fram kemur í skýringu 17. Mat stjórnenda á virðisrýrnun byggir á upplýsingum um vænt sjóðstreymi af viðkomandi eign. Við mat á væntu sjóðstreymi, meta stjórnendur fjárhagslega stöðu mótaðila og vænt virði undirliggjandi trygginga.

8. Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu

(i) Innleiðing á IFRS 9 'Fjármálagerningum'

TM hf. innleiddi í ársbyrjun 2020 IFRS 9 Fjármálagerninga. Samstæðan hafði frestað innleiðingu staðalsins samkvæmt heimild í alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum fram að gildistöku nýs váttryggingastaðals IFRS 17 árið 2023. Vegna kaupa samstæðunnar á Lykli var nauðsynlegt til að tryggja samræmdar reikningsskilaaðferðir innan samstæðunnar að innleiða staðalinn en Lykill innleiddi staðalinn árið 2018.

Samstæðan hefur kosið að nýta sér heimildir IFRS 9 og uppfæra ekki samanburðartölur en þær eru birtar í samræmi við IAS 39. Vegna frekari upplýsinga um reikningsskilareglur samkvæmt IAS 39 er bent á samstæðureikning fyrir reikningsárið sem endaði 31. desember 2019.

Skýringar, frh.:

8. Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu, frh.:

Útleiðsla á breytingum í efnahagsreikningi vegna innleiðingar IFRS 9 þann 1. janúar 2020:

	IAS 39 31.12.2019	Áhrif af virðis- rýrnunar útreikningum	IFRS 9 1.1.2020
Eignir			
Bundin innlán	4.749	0	4.749
Útlán	822.095	0	822.095
Verðbréf	28.015.235	0	28.015.235
Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líffryggingataka	59.282	0	59.282
Endurtryggingaeignir	415.123	0	415.123
Viðskiptakröfur	4.108.062	0	4.108.062
Handbært fé	6.433.415	0	6.433.415
	<u>39.857.961</u>	<u>0</u>	<u>39.857.961</u>
Skuldir			
Víkjandi lán	2.231.048	0	2.231.048
Líffryggingaskuld með fjárfestingaáhættu			
líffryggingataka	59.282	0	59.282
Leiguskuldbinding	515.197	0	515.197
Afleiðusamningar	35.167	0	35.167
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.082.062	0	1.082.062
	<u>3.922.756</u>	<u>0</u>	<u>3.922.756</u>

Áhrif innleiðingar IFRS 9 eru tvíþætt: áhrif endurflokkunar vegna breyttrar reikningshaldslegrar meðferðar og áhrif þess að innleiða nýjar virðisrýrnunarkröfur IFRS 9. Það urðu engar breytingar á flokkun eigna og skulda við innleiðingu á IFRS 9 og engin áhrif á virðisrýrnun.

Í skýringu 22 er fjallað um nýjar reikningsskilaaðferðir samstæðunnar fyrir fjármálagerninga samkvæmt IFRS 9 frá 1. janúar 2020

- (ii) *Reikningsskilastaðlar, lagfæringar og túlkanir sem tóku gildi 1. janúar 2020 og hafa áhrif á ársreikninginn*
Samstæðan innleiddi enga aðra nýja reikningsskilastaðla á árinu 2020. Samstæðan innleiddi á árinu fáeinar breytingar á nokkrum eldri stöðlum sem tóku gildi í upphafi árs. Þær breytingar hafa ekki áhrif á reikningsskil samstæðunnar.
- (iii) *Reikningsskilastaðlar, lagfæringar og túlkanir sem hafa verið útgefnir en hafa ekki tekið gildi.*
Staðallinn IFRS 17, Vátryggingasamningar, hefur verið útgefninn, en tekur ekki gildi fyrr en 1. janúar 2023. Áður hefur verið fjallað um staðalinn sem kemur til með að hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar. Samstæðan hefur hins vegar ekki metið áhrif þessa nýja vátryggingastaðals.
- (iv) *Innleiðing staðla fyrir gildistöku tíma þeirra.*
Samstæðan innleiddi enga staðla fyrir gildistöku tíma þeirra á árinu 2020.

Skýringar, frh.:

9. Starfspáttayfirlit

Starfspáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar þar sem skyldar vörur eða þjónusta er flokkuð saman (rekstrarstarfspáttur). Starfspáttayfirlit er yfirlit um rekstrarstarfspætti, sem byggir á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Starfspættirnir eru skaðatrygginga-, líftrygginga- og fjármálarekstur, en einnig er í starfspáttayfirliti skipting eftir vátryggingagreinum. Vátryggingasamningar sem teljast til skaðatrygginga varða ábyrgðartjón, slysatjón og eignatjón. Líf- og sjúkdómatryggingar taka til andláts eða ákveðinna alvarlegra sjúkdóma.

Rekstrarafkoma starfspáttar, eignir og skuldir taka til liða sem heyra beint undir ákveðna starfspætti.

Rekstrarstarfspættir:	Vátryggingar		Fjárfestingar		Fjármögnun		Jöfnunar-	Jöfnunar-	Samstæða	
	2020	2019	2020	2019	2020 *	2020	færslur	færslur	2020	2019
Iðgjöld ársins	16.489.106	16.868.844		0	0	(76.045)	(5.425)		16.413.062	16.863.419
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	(763.205)	(659.632)		0	0	0	0		(763.205)	(659.632)
Tekjur frá endurtryggjendum	74.009	103.874							74.009	103.874
Hreinar vaxtatekjur af fjármögnunar- starfsemi					1.206.772	7.891			1.214.663	0
Rekstrarleigutekjur					823.901	(9.690)			814.211	0
Fjárfestingatekjur	182.770	321.272	3.620.475	2.623.908	333.967	(10.878)			4.126.333	2.945.180
Aðrar tekjur		0	33.039	29.101	71.471	0	0		104.510	29.101
Heildartekjur	15.982.680	16.634.358	3.653.514	2.653.009	2.436.111	(88.722)	(5.425)		21.983.583	19.281.942
Tjónakostnaður	(12.218.592)	(13.024.688)		0	0	0	0		(12.218.592)	(13.024.688)
Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði	686.819	110.870		0	0	0	0		686.819	110.870
Vöxtun, vaxta- og gengisbreytingar										
vátryggingaskuldar			(557.455)	(625.737)					(557.455)	(625.737)
Rekstrarkostnaður,brúttó	(3.292.726)	(3.076.198)	(433.706)	(474.091)	(1.445.827)	77.643	5.425		(5.094.616)	(3.544.864)
Afskriftir af rekstrarleigueignum					(386.009)	3.727			(382.282)	0
Fjármagnsgjöld	0	0	(227.893)	(228.942)	0	1.355			(226.537)	(228.942)
Virðisrymun fjáreigna	0	0	(195.676)	(95.868)	(572.506)	0	0		(768.182)	(95.868)
Heildargjöld	(14.824.499)	(15.990.016)	(1.414.730)	(1.424.638)	(2.404.342)	82.725	5.425		(18.560.845)	(17.409.229)
Rekstrarafkoma	1.158.181	644.342	2.238.784	1.228.371	31.769	(5.997)	0		3.422.739	1.872.712
Undirverð vegna kaupa á Lykli fjármögnun hf.			2.250.503						2.250.503	
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.158.181	644.342	4.489.287	1.228.371	31.769	(5.997)	0		5.673.242	1.872.712
Tekjuskattur									(362.547)	(7.059)
Hagnaður ársins									5.310.695	1.865.653

* Samanburðarfjárhæðir eru ekki til staðar fyrir starfspáttinn fjármögnun þar sem Lykill kemur ekki inn í samstæðu fyrr en 2020.

Skýringar, frh.:

9. Starfspáttayfirlit, frh.:

Rekstrarstarfspættir váttryggingastarfsemi:

	Skaðatryggingar		Líf- og heilsutryggingar		Váttryggingar	
	2020	2019	2020	2019	2020	2019
Iðgjöld ársins	15.717.917	16.160.733	771.189	708.112	16.489.106	16.868.845
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	(563.208)	(453.300)	(199.996)	(206.332)	(763.204)	(659.632)
Tekjur frá endurtryggjendum	7.660	7.164	66.349	96.709	74.009	103.873
Fjárfestingatekjur	176.853	311.050	5.917	10.223	182.770	321.273
Heildartekjur	15.339.222	16.025.647	643.459	608.712	15.982.681	16.634.359
Tjónakostnaður	(11.972.008)	(12.705.880)	(246.584)	(318.808)	(12.218.592)	(13.024.688)
Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði	570.549	(32.032)	116.270	142.902	686.819	110.870
Rekstrarkostnaður, brúttó	(3.056.342)	(2.892.297)	(236.384)	(183.900)	(3.292.726)	(3.076.197)
Heildargjöld	(14.457.801)	(15.630.209)	(366.698)	(359.806)	(14.824.499)	(15.990.015)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	881.421	395.438	276.761	248.906	1.158.181	644.342

Skýringar, frh.:

9. Starfsþáttayfirlit, frh.:

Skaðatryggingarekstur samstæðunnar sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Árið 2020:

	Eigna- tryggingar	Sjó-, flug- og farm- tryggingar	Lögboðnar ökutækja- tryggingar	Frjálsar ökutækja- tryggingar	Ábyrgðar, greiðslu- og efnda- tryggingar	Almennar slysa- og sjúkra- tryggingar	Atvinnu- slysa- tryggingar	Sjúkra- kostnaðar- tryggingar	Samtals
Iðgjöld ársins	3.862.740	1.223.783	5.206.694	2.211.810	1.219.311	873.633	1.113.192	6.753	15.717.917
Hluti endurtrygginga í iðgjaldtekjum	(290.554)	(192.832)	(13.777)	(171)	(53.523)	(2.280)	(10.060)	(10)	(563.208)
Tekjur frá endurtryggjendum	0	375	0	0	7.286	0	0	0	7.660
Fjárfestingatekjur	42.982	7.767	60.920	25.526	14.447	10.651	14.524	36	176.853
Tjónakostnaður	(2.450.778)	(556.746)	(4.487.177)	(1.527.224)	(1.330.834)	(635.241)	(982.905)	(1.103)	(11.972.008)
Hluti endurtrygginga í tjónakostnaði	276.195	98.140	129.901	0	66.314	0	0	0	570.549
Rekstrarkostnaður, brúttó	(774.024)	(232.886)	(1.199.186)	(506.548)	(124.506)	(162.233)	(56.008)	(952)	(3.056.342)
Rekstrarafkoma	<u>666.561</u>	<u>347.601</u>	<u>(302.625)</u>	<u>203.393</u>	<u>(201.505)</u>	<u>84.530</u>	<u>78.743</u>	<u>4.724</u>	<u>881.421</u>

Árið 2019:

Iðgjöld ársins	3.624.477	1.397.424	5.469.206	2.417.279	1.193.353	932.137	1.113.673	13.184	16.160.733
Hluti endurtrygginga í iðgjaldtekjum	(223.492)	(136.640)	(17.136)	(202)	(63.469)	(2.351)	(9.997)	(12)	(453.300)
Tekjur frá endurtryggjendum	0	0	0	0	7.164	0	0	0	7.164
Fjárfestingatekjur	33.147	13.378	144.073	18.239	36.948	20.243	44.911	110	311.050
Tjónakostnaður	(2.033.224)	(2.065.753)	(4.691.670)	(1.591.479)	(655.741)	(562.394)	(1.107.566)	1.948	(12.705.880)
Hluti endurtrygginga í tjónakostnaði	(10.114)	2.809	(40.859)	0	16.132	0	0	0	(32.032)
Rekstrarkostnaður, brúttó	(715.506)	(283.967)	(1.034.200)	(423.468)	(135.871)	(170.932)	(126.432)	(1.921)	(2.892.297)
Rekstrarafkoma	<u>675.288</u>	<u>(1.072.749)</u>	<u>(170.586)</u>	<u>420.369</u>	<u>398.516</u>	<u>216.703</u>	<u>(85.411)</u>	<u>13.309</u>	<u>395.438</u>

Skýringar, frh.:

10. Eigin iðgjöld

Iðgjöld eru færð til tekna hlutfallslega yfir það tímabil sem váttryggingarnar ná yfir. Iðgjaldaskuld er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar váttryggingaáhættu fyrir reikningsskiladag sem tilheyrir síðari reikningsárum. Tekjufærð iðgjöld í rekstrarreikningi eru því þau iðgjöld sem falla til á rekstrarárinu að viðbættum yfirfærðum iðgjöldum frá fyrri árum en að frádregnum iðgjöldum til síðari ára sem færast sem iðgjaldaskuld. Bókfærð iðgjöld tímabilsins eru sýnd að frádregnum afskrifuðum iðgjöldum en án umboðslauna- eða sölukostnaðar.

	2020	2019
Bókfærð iðgjöld	16.353.640	17.082.098
Hluti endurtryggjenda	(760.785)	(668.139)
Breyting á iðgjaldaskuld	59.422	(218.679)
Breyting á hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuld	(2.420)	8.507
Eigin iðgjöld samtals	<u>15.649.857</u>	<u>16.203.787</u>

11. Hreinar tekjur af fjármögnunarstarfsemi

Fjármögnunarstarfsemi, sem kemur ný inn í samstæðuna árið 2020, felst í fjármögnun á einkabifreiðum, atvinnutækjum og í fasteignatengdum verkefnum.

Hreinar vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning þegar þau falla til með aðferð virkra vaxta. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda er dreifing á afföllum og annar mismunur á upphaflega bókfærðu verði vaxtaberandi gervinga og fjárhæða þeirra á gjalddaga, sem reiknuð eru miðað við virka vexti.

Samstæðan leigir út bifreiðar og aðra lausafjarmuni á rekstrarleigusamningum. Tekjur af þessum samningum eru færðar í rekstrarreikningi sem rekstrarleigutekjur, dreift jafnt á samningsbundinn leigutíma. Allir leigusamningar í fjármögnunarstarfsemi eru bundnir vísitölu verðbreytinga.

	2020	2019
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	31.258	0
Vaxtatekjur af leigusamningum og útlánnum	2.542.370	0
Vaxtagjöld af lántökum	(1.113.166)	0
Önnur vaxtagjöld	(245.799)	0
Hreinar vaxtatekjur af fjármögnunarstarfsemi	1.214.663	0
Rekstrarleigutekjur	814.211	0
Hreinar tekjur af fjármögnunarstarfsemi	<u>2.028.874</u>	<u>0</u>

12. Fjárfestingatekjur

Vaxtatekjur í rekstrarreikningi innifela vexti af fjáreignum sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Gangvirðisbreytingar fjárfestinga samanstanda af söluhagnaði verðbréfa, gangvirðisbreytingum fjárfestinga og vaxta- og arðstekjum. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsréttur stofnast. Gengismunur samanstendur af breytingum eigna í erlendum gjaldmiðlum og er færður meðal fjármunatekna í rekstri.

	2020	2019
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	11.944	38.004
Vaxtatekjur af útlánnum	52.958	77.154
Aðrar vaxtatekjur	280.852	291.223
Gangvirðisbreytingar verðbréfa	3.544.343	2.529.040
Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga	(33.283)	(35.167)
Gengismunur	269.520	44.926
Fjármunatekjur samtals	<u>4.126.333</u>	<u>2.945.180</u>

13. Eigin tjón

	2020	2019
Bókfærð tjón	(11.413.916)	(11.921.934)
Hluti endurtryggjenda	440.039	424.631
Breyting á tjónaskuld vegna váttryggingarekstrar	(727.656)	(1.044.575)
Breyting á áhættuálagi	(77.020)	(58.178)
Breyting á hluta endurtryggjenda í tjónaskuld	246.780	(313.761)
Eigin tjón samtals	<u>(11.531.773)</u>	<u>(12.913.818)</u>

Skýringar, frh.:

	2020	2019
14. Niðurstaða endurtrygginga		
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldtekjum	(763.205)	(659.632)
Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði	686.819	110.870
Tekjur frá endurtryggjendum	74.009	103.874
Niðurstaða endurtrygginga	<u>(2.377)</u>	<u>(444.888)</u>

15. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður samanstendur af launakostnaði, markaðskostnaði, tölvukostnaði, skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, kostnaði við rekstur húsnæðis, afskriftum rekstrarfjármuna, óefnislegra eigna og leiguréttinda og öðrum kostnaði.

	2020	2019
Laun og launatengd gjöld	2.851.716	1.863.164
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2.168.891	1.577.826
Rekstrarkostnaður samtals	<u>5.020.607</u>	<u>3.440.990</u>

	2020	2019
Laun og launatengd gjöld		
Laun	2.233.924	1.439.629
Lífeyrisiðgjöld	304.542	197.246
Tryggingagjald og fjársýsluskattur	290.034	206.173
Önnur launatengd gjöld	23.216	20.116
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>2.851.716</u>	<u>1.863.164</u>

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf 161 123

Stjórn TM hefur samþykkt reglur um kaupaukakerfi í samræmi við gildandi reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 299/2012. Greiðslur á árinu samkvæmt þessu kerfi nema 11,5 m.kr. Möguleg heildarskuldbinding vegna ógreiddra kaupauka sem nemur 83 m.kr. hefur verið gjaldfærð.

Stjórn Lykils hefur samþykkt reglur um kaupaukakerfi í samræmi við gildandi reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 299/2012. Greiðslur á árinu samkvæmt þessu kerfi námu 40 m.kr. Möguleg heildarskuldbinding vegna ógreiddra kaupauka nemur 79,4 m.kr.

	2020	2019
Þóknun til endurskoðunarfyrtækja		
Ytri endurskoðendur		
Endurskoðun og könnun reikningsskila	32.950	18.897
Önnur endurskoðunartengd þjónusta	24.435	6.330
Önnur þjónusta	473	3.964
Önnur endurskoðunarfyrtækja		
Innri endurskoðun og önnur þjónusta	68.193	60.889

16. Fjármagnsgjöld

	2020	2019
Vaxtagjöld, víkjandi lán	196.847	188.379
Önnur vaxtagjöld	29.689	40.562
Vaxtagjöld samtals	<u>226.537</u>	<u>228.942</u>

17. Virðisrýrnun fjáreigna

Bókfært verð fjáreigna félagsins sem er fært á afskrifuðu kostnaðarverði er yfirfarið og vænt útlántap metið á hverjum uppgjörstigi. Fjáreignirnar eru metnar í virðisrýrnunarlíkani sem samstæðan hefur byggt upp og er í samræmi við kröfur IFRS 9 Fjármálagerningar. Ef samstæðan telur að áætluð innheimta af fjáreign verði minni en bókfært verð hennar, þá er vænt útlántap fært í rekstrarreikning.

Nánar er fjallað um virðisrýrnun fjáreigna samstæðunnar og aðferðir hennar við færslu virðisrýrnunar í skýringu 22.

Skýringar, frh.:

17. Virðisrýrnun fjáreigna, frh.:

	2020	2019
Virðisrýrnun leigusamninga og útlána	572.506	0
Virðisrýrnun annarra útlána, breyting	94.389	10.149
Virðisrýrnun viðskiptakrafna	101.288	85.719
Virðisrýrnun samtals	<u>768.182</u>	<u>95.868</u>

18. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila í hagnað með meðalfjölda hluta á árinu.

	2020	2019
Hagnaður.....	5.310.695	1.865.653
Meðalfjöldi hluta á árinu.....	771.893	681.491
Grunnhagnaður á hlut.....	<u>6,88</u>	<u>2,74</u>

Þynntur hagnaður á hlut er sá sami og grunnhagnaður á hlut þar sem félagið hefur hvorki gert kaupréttarsamninga eða breytanlega lánasamninga.

19. Tekjuskattur

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu á árinu 2021 og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé eða í yfirlit um aðra heildarafkomu, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á þá liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er metinn með því skatthlutfalli sem búist er við að verði lagt á tímabundna mismuni þegar þeir snúast við, byggt á lögum sem öðlast hafa gildi með formlegum hætti eða í reynd á uppgjörssdegi. Skatteign og tekjuskattsskuldbindingu er jafnað saman þegar til staðar er lagalegur réttur til að jafna saman tekjuskattsskuld og skatteign og þegar skattarnir munu verða lagðir á af sömu skattyfirvöldum á sama fyrirtæki, eða á fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Tekjuskattur í rekstrarreikningi skiptist þannig:	2020	2019
Tekjuskattur til greiðslu	131.888	0
Árhif innleiðingar IFRS 16	0	18.490
Frestaður tekjuskattur ársins	230.659	(11.431)
Tekjuskattur samtals	<u>362.547</u>	<u>7.059</u>

Virkt skatthlutfall:	2020	2019
Hagnaður fyrir tekjuskatt	<u>5.673.242</u>	<u>1.872.712</u>
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	20,0% 1.134.648	20,0% 374.542
Ófrádráttarþær kostnaður	0,4% 24.377	0,0% 18
Óskattskyldar tekjur	(14,1%) (797.803)	(19,8%) (371.256)
Niðurfærsla skatteignar	(0,1%) (6.971)	0,0% 0
Aðrar breytingar	0,1% 8.295	0,2% 3.755
Virkt skatthlutfall	<u>6,3% 362.547</u>	<u>0,4% 7.058</u>

Skýringar, frh.:

20. Rekstrarfjármunir og leiguréttindi

Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýmun. Á hverjum uppgjörstigi er kannað hvort vísbendingar séu til staðar um virðisrýrnun.

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Bókfært verð hlutarins sem er endurnýjaður er gjaldfært. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Leiguréttindi

Samstæðan leigir húsnæði til nota í rekstri sínum. Leigusamingur vegna höfuðstöðva félagsins er til ársins 2023. Leiguréttindi eru upphaflega færð í efnahagsreikningi á upphafsdegi leigusamninga og metin á kostnaðarverði. Þegar samstæðan gerir leigusamning fyrir rekstur sinn, þá eru færð leiguréttindi til eignar og leiguskulda til skuldar, sem metin er með því að núvirða leigugreiðslur á áætluðum leigutíma samkvæmt samningnum, með vöxtum sem eru ígildi lántökuvaxta samstæðunnar á samningsdegi. Þau eru síðan færð í samræmi við ákvæði IFRS 16, að teknu tilliti til afskrifta, virðisrýrnunar og leiðréttinga vegna endurmats leiguskulda, eftir því sem við á.

Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna og leiguréttinda. Afskriftaraðferð, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á. Áætlaður nýtingartími og afskriftarhlutföll greinast þannig:

	Nýtingar- tími	Afskrifta- hlutföll
Fasteignir	17-33 ár	3 - 6%
Aðrir rekstrarfjármunir	3-10 ár	10 - 33%

Rekstrarfjármunir í efnahagsreikningi greinast þannig:

	Fasteignir	Skrifstofu- áhöld, tölvu- búnaður og bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1.2019.....	179.282	662.178	841.460
Viðbót á árinu 2019.....	1.875	3.127	5.002
Selt og aflagt á árinu 2019.....	0	(14.352)	(14.352)
Heildarverð 31.12.2019.....	181.157	650.953	832.110
Afskrifað áður.....	105.579	410.696	516.275
Afskrifað á árinu	4.419	41.508	45.927
Selt og aflagt á árinu 2019.....	0	(8.808)	(8.808)
Afskrifað samtals 31.12.2019.....	109.998	443.396	553.394
Bókfært verð 31.12.2019.....	71.159	207.557	278.717
Heildarverð 1.1.2020.....	181.157	650.953	832.110
Viðbót á árinu vegna kaupa á Lykli.....	84.056	33.213	117.269
Viðbót á árinu 2020.....	0	215.338	215.338
Selt og aflagt á árinu 2020.....	0	(18.318)	(18.318)
Heildarverð 31.12.2020.....	265.213	881.186	1.146.399
Afskrifað áður.....	109.998	443.396	553.394
Viðbót á árinu vegna kaupa á Lykli	5.002	9.522	14.524
Afskrifað á árinu	8.392	68.082	76.474
Selt og aflagt á árinu 2020.....	0	(10.809)	(10.809)
Afskrifað samtals 31.12.2020.....	123.392	510.191	633.582
Bókfært verð 31.12.2020.....	141.821	370.995	512.818

Fasteignamat fasteigna í árslok 2020 nam 234 m.kr. og lóða 40 m.kr. eða samtals 274 m.kr. og váttryggingamat fasteignanna var á sama tíma 360 m.kr. Váttryggingamat annarra rekstrarfjármuna var 1.153 m.kr.

Skýringar, frh.:

20. Rekstrarfjármunir og leiguréttindi, frh.:

Leiguréttindi og leiguskuld

Leiguréttindi og leiguskuld greinast þannig:

	2020	2019
Leiguréttindi		
Leiguréttindi í upphafi árs	426.625	532.486
Samningar færðir út í samstæðu	(12.435)	0
Nýir og breyttir samningar	16.392	18.244
Afskriftir á árinu	(113.228)	(124.105)
Leiguréttindi í lok árs	<u>317.354</u>	<u>426.625</u>
Leiguskuldbinding		
Leiguskuldbinding greinist þannig:		
Leiguskuldbinding í upphafi árs	515.197	624.938
Samningar færðir út í samstæðu	(13.978)	0
Nýir og breyttir samningar	9.272	0
Afborgunarþáttur leigugreiðslna	(125.648)	(127.985)
Verðbætur á árinu	7.104	18.244
Leiguskuldbinding í lok árs	<u>391.947</u>	<u>515.197</u>
Næsta árs afborgun	137.587	135.728

Samstæðan hefur fært í rekstrarreikning á árinu vegna færslu leigusamninga samkvæmt IFRS 16 afskriftir að fjárhæð 113 m.kr. (2019: 124 m.kr.) og vaxtagjöld að fjárhæð 27 m.kr. (2019: 36 m.kr.) Heildar greiðslur af leigusamningum á árinu nema 153 m.kr. (2019: 164 m.kr.)

21. Viðskiptavild og ófnislegar eignir

Viðskiptavild

Viðskiptavild félagsins er vegna kaupa á líffryggingastarfsemi samstæðunnar. Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi eininga er byggð á útreikningi á nýtingarvirði. Við þessa útreikninga eru notaðar sjóðstreymisspár byggðar á raunverulegum rekstrarniðurstöðum og fimm ára viðskiptaáætlun. Áætlanir um sjóðstreymi til framtíðar eru framreiknaðar með því að nota meðalvaxtarhraða í þeirri grein sem félagið starfar. Vegin ávöxtunarkrafa hefur verið notuð til að núvirða áætlanir um framtíðarsjóðstreymi.

Virðisrýrnunarpróf eru gerð árlega á viðskiptavild. Bókfært verð annarra eigna félagsins er kannað á hverjum uppgjörstigi til að meta hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef svo reynist, er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð. Endurheimtanleg fjárhæð viðskiptavildar og ófnislegra eigna sem ekki hafa skilgreindan líftíma er metin á hverjum uppgjörstigi.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni. Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópi eigna.

Hugbúnaður

Hugbúnaður er eignfærður á grundvelli kostnaðarverðs búnaðarins ásamt kostnaði við að koma honum í notkun. Hugbúnaður er færður sem ófnisleg eign og afskrifaður miðað við áætlaðan nýtingartíma hans, sem eru 3-10 ár. Afskriftir eru hluti af liðnum rekstrarkostnaður.

Skýringar, frh.:

21. Viðskiptavild og óefnislegar eignir, frh.:

Viðskiptavild og óefnislegar eignir í efnahagsreikningi greinast þannig:

	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2019.....	99.916	547.354	647.270
Viðbót á árinu 2019.....	0	232.087	232.087
Heildarverð 31.12.2019.....	99.916	779.441	879.357
Afskrifað áður.....	0	157.994	157.994
Afskrifað á árinu	0	55.410	55.410
Afskrifað samtals 31.12.2019.....	0	213.404	213.404
Bókfært verð 31.12.2019.....	99.916	566.037	665.953
Heildarverð 1.1.2020.....	99.916	779.441	879.357
Viðbót á árinu vegna kaupa á Lykli hf.....	0	98.195	98.195
Viðbót á árinu 2020.....	0	202.118	202.118
Selt og aflagt á árinu 2020.....	0	(16.133)	(16.133)
Heildarverð 31.12.2020.....	99.916	1.063.621	1.163.537
Afskrifað áður.....	0	213.404	213.404
Viðbót á árinu vegna kaupa á Lykli hf.....	0	29.806	29.806
Afskrifað á árinu	0	99.760	99.760
Selt og aflagt á árinu 2020.....	0	(16.133)	(16.133)
Afskrifað samtals 31.12.2020.....	0	326.837	326.837
Bókfært verð 31.12.2020.....	99.916	736.784	836.700
Afskriftahlutföll		10%, 33%	

22. Fjáreignir og fjárskuldir

Reikningsskilaaðferðir fyrir fjármálagerninga eru eftirfarandi frá 1. janúar 2020

a. Flokkun fjáreigna

Fjáreignum er skipt í eftirfarandi flokka: fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði og fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur. Flokkunin er ákveðin við upphaflega skráningu og fer eftir eðli og tilgangi fjáreignarinnar. Öll almenn viðskipti með fjáreignir eru skráð á viðskiptadegi. Með almennum viðskiptum er átt við kaup og sölu fjáreigna sem grundvallast af samningi eða markaðsvenjum um afhendingu eða móttöku fjáreigna innan tiltekens tíma.

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreign sem áætlað er að eiga til gjalddaga og samningsbundnar greiðslur á settum gjalddögum samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum, skal skrá á afskrifuðu kostnaðarverði nema gerningurinn sé skilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirðisheimildina. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru slíkar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun. Fjáreignir samstæðunnar sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru útlán til viðskiptavina.

Fjáreignir á gangvirði

Fjáreignir sem ekki eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði um aðra heildarafkomu skal meta á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Verðbréf og afleiður eru skráðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Mat á viðskiptalíkani og samningsbundnu greiðslufæði

Samstæðan metur viðskiptalíkan fyrir fjáreignir út frá markmiðum með eignarhaldi viðkomandi fjáreignar og miðlun upplýsinga til stjórnenda. Öll útlán til viðskiptavina eru metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta, sem sýnir brúttó virði lánanna að frádreginni áætlaðri virðisrýrnun vegna útlánataps. Sjóðstreymi af útlánum samanstendur aðeins af afborgunum af höfuðstól og vöxtum. Útláni falla undir skilgreiningu IFRS 9 á stöðluðu lánafyrirkomulagi, þar sem vextir eru skilgreindir sem endurgjald fyrir tímavirði peninga og útlánaáhættu tengdri útistandandi höfuðstól lánsins á hverjum tíma og aðra grundvallar útlánaáhættu og kostnað, sem og framlegð.

Afskráning fjáreigna

Félagið afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annað félag.

Skýringar, frh.:

22. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.:

Reikningsskilaaðferðir fyrir fjármálagerninga eru eftirfarandi frá 1. janúar 2020, frh:

b. Virðisrýrnun

Bókfært verð eigna félagsins er yfirfarið á hverjum uppgjörstigi til að meta hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð. Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar er umfram endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning.

Útlán, viðskiptakröfur og leigusamningakröfur

Virðisrýrnunarlíkan

Útlán og viðskiptakröfur samstæðunnar til viðskiptavina og kröfur vegna fjármögnunarleigu- og rekstrarleigusamninga falla undir IFRS 9. Mat á væntu útlánatapi er uppfært á hverjum reikningsskiladegi, en IFRS 9 skiptir fjáreignum niður á þrjú stig:

Stig 1: Allar fjáreignir við upphaflega skráningu, með fáum undantekningum. Vænt útlánatap er metið út frá líkum á að vanefndir verði á næstu 12 mánuðum frá reikningsskiladegi.

Stig 2: Veruleg aukning hefur orðið í útlánaáhættu. Vænt útlánatap er metið út frá líkum á að vanefndir verði á líftíma fjáreignarinnar.

Stig 3: Hlutlægar vísbendingar eru til staðar um virðisrýrnun. Vænt útlánatap metið út frá líkum á vanefndum yfir líftíma fjáreignarinnar.

Fjáreignir sem falla undir IFRS 9 eru almennt skráðar á stig 1 við upphaflega skráningu. Leigusamningar og útlán þar sem einstaklingar eru með lánshæfiseinkunn C1-E3 og fyrirtæki með lánshæfiseinkunn 7-10 og eru jafnframt með heildarskuld undir 200 m.kr. á uppgjörstigi eru hins vegar færðir í upphafi á stig 2. Verði veruleg aukning í útlánaáhættu fjáreigna á stigi 1 frá upphaflegri skráningu hennar er hún færð á stig 2, en skilgreiningu samstæðunnar á verulegri aukningu í útlánaáhættu má sjá hér að neðan. Séu hlutlægar vísbendingar til staðar um að fjáreignir séu virðisrýrðar, eru þær færðar á stig 3.

Samstæðan nýtir sér ekki undanþágu fyrir eignir sem hafa skilgreinda lága útlánaáhættu, en staðallinn heimilar að eignir sem falla undir þá skilgreiningu, þrátt fyrir að veruleg aukning hafi orðið í útlánaáhættu, séu ekki færðar af stigi 1.

Ef útlánaáhætta vegna fjáreignar á stigi 2 eða 3 minnkar og ástæður þess eru ekki taldar skammvinnar, er viðkomandi fjáreign færð niður um stig á stig 1 eða 2 eftir atvikum.

Veruleg aukning í útlánaáhættu

Samstæðan vaktar fjáreignir sem falla undir virðisrýrnunarlíkan IFRS 9 til að meta hvort veruleg aukning hafi orðið á útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu. Hafi orðið veruleg aukning á útlánaáhættu metur samstæðan vænt útlánatap út frá líkum á því að vanefndir verði á líftíma fjáreignarinnar, fremur en á næstu 12 mánuðum.

Við mat á því hvort veruleg aukning hafi orðið í útlánaáhættu er stuðst við eigindlegar (e. qualitative) upplýsingar úr lánshæfislíkani, og einnig meginlegar (e. quantitative) upplýsingar sem eru samstæðunni tiltækar án verulegrar vinnu eða kostnaðar. Lánshæfislíkan gefur lögaðilum einkunnir á skalanum 1-10, þar sem 1 er áhættuminnst og 10 er áhættumest. Líkan fyrir einstaklinga gefur einkunnir á skalanum A1-E3, þar sem A1 er áhættuminnst og E3 er áhættumest.

Fyrirtæki

Einkunn	12 mánaða PD	Skýring
1	0,00%-0,40%	Framúrskarandi áhættulítið
2	0,40%-0,74%	Mjög áhættulítið
3	0,74%-1,30%	Áhættulítið
4	1,30%-3,10%	Tiltölulega áhættulítið
5	3,10%-5,80%	Miðlungs áhættumikið
6	5,80%-8,70%	Áhætta
7	8,70%-15,00%	Áhætta umfram eðlileg mörk
8	15,00%-30,00%	Áhættumikið
9	30,00%-48,00%	Mjög áhættumikið
10	48,00%-100,00%	Alvarleg vanskil mjög líkleg

Skýringar, frh.:

22. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.:

Reikningsskilaaðferðir fyrir fjármálagerninga eru eftirfarandi frá 1. janúar 2020, frh:

b. Virðisrýrnun, frh.:

Einstaklingar

Einkunn	12 mánaða PD
A1-3	0,00%-0,30%
B1-3	0,30%-1,90%
C1-3	1,90%-6,40%
D1-3	6,40%-13,40%
E1-3	13,40%-100,00%

Samstæðan hefur skilgreint eftirfarandi sem verulega aukningu í útlánaáættu:

- Kröfur á einstaklinga sem eru komnar 30 til 90 daga fram yfir gjalddaga.
-
- Lánshæfismat einstaklings verður C eða verra og 7 eða hærra hjá fyrirtækjum með heildarskuld undir 200 m.kr.
- Kröfur á fyrirtæki sem eru komnar 30 til 90 daga fram yfir gjalddaga.
- Lánshæfiseinkunn hefur marktækt versnað eftir að fyrirgreiðsla var veitt hjá aðilum með heildarskuld yfir 200 m.kr.

Skilgreining á vanefndum

Samstæðan telur að hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun séu til staðar ef líklegt þykir að skuldari geti ekki staðið að fullu við skuldbindingar sínar gagnvart samstæðunni. Eftirfarandi eru dæmi um aðstæður þar sem samstæðan telur að hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun séu til staðar:

Kröfur á einstaklinga og lögaðila eru komnar meira en 90 daga framyfir gjalddaga.

Skuldari hefur sótt um gjaldþrotaskipti, fyrirtæki hefur verið afskráð eða forsenda fyrir rekstrarhæfi er ekki lengur til staðar.

Ólíklegt þykir að skuldari muni standa við skuldbindingar sínar gagnvart samstæðunni vegna:

- brota á skilmálum lánasamninga eða leigusamninga
- fjárhagslegar endurskipulagningar viðkomandi skuldara

Útreikningar á væntu útlánatapi (ECL)

Mat á væntu útlánatapi er líkindavegið mat þar sem útlánatap er metið sem núvirði mismunarins á þeirri samningsbundnu fjárhæð sem samstæðan telur sig eiga rétt á og þeirri fjárhæð sem samstæðan væntir að endanlega innheimta. Samstæðan hefur innleitt virðisrýrnunarlíkan sem uppfyllir kröfur IFRS 9, en það byggir útreikninga á eftirfarandi þáttum:

Líkur á vanefndum (PD): Mat á líkum á því að til vanefnda komi á næstu 12 mánuðum (stig 1), eða einhvern tíma á líftíma fjáreignarinnar (stig 2 og 3).

Áhættustaða við vanefnd (EAD): Sú fjárhæð sem getur tapast ef til vanefnda kemur. Brúttó staða fjáreignar á reikningsskiladegi.

Tapshlutfall við vanefnd (LGD): Mismunur á samningsbundnu sjóðstreymi og því sem samstæðan væntir að innheimta komi til vanefnda, þ.m.t. af veðum. Er hlutfall reiknað út frá áhættustöðu við vanefnd og virði undirliggjandi veða, að teknu tilliti til vænts kostnaðar sem fallið getur til við vanefnd og að aðilar geti komist aftur í skil (e. cured).

Afvöxtunarstuðull: Virkir vextir fjáreignar á reikningsskiladegi eru notaðir til að núvirða vænt útlánatap til reikningsskiladags.

Vænt útlánatap (ECL) alls lánasafns félagsins er reiknað sem fall af líkum á vanefndum (PD), áhættustöðu við vanefnd (EAD) og tapshlutfalli við vanefnd (LGD). Það er afvaxtað með virkum vöxtum og tillit er tekið til upplýsinga um framtíðarhorfur. Upplýsingar um framtíðarhorfur endurspeglar mat stjórnenda félagsins og felur í sér gerð sviðsmynda um viðkomandi hagstærðir, þar á meðal mat á líkum hvernar sviðsmyndar. Við gerð sviðsmyndanna er meðal annars litið til hagspár Seðlabanka Íslands sem birt er í Peningamálum fjórum sinnum á ári. Fjármálanefnd félagsins samþykkir sviðsmyndirnar og vægi þeirra.

Spálíkan fyrir þróun vanskila byggist á þremur hagstærðum: atvinnuleysi, gengisvísitölu íslensku krónunnar og verðbólgu þar sem tekin er meðal verðbólga hvers árs. Í hverri sviðsmynd er jafnframt sett fram spá um vænt frávik í endurheimtum af virði veðandlaga við fullnustu þeirra m.v. fyrirliggjandi upplýsingar um virði þeirra í dag og áætluð afföll til framtíðar. Spáin byggir á mati stjórnenda og reynslu út frá sögulegum gögnum eftir því sem kostur er.

Skýringar, frh.:

22. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.:

Reikningsskilaaðferðir fyrir fjármálagerninga eru eftirfarandi frá 1. janúar 2020, frh:

b. Virðisrýrnun, frh.:

Eftirfarandi tafla sýnir lykil hagstærðir líkansins sem eru notaðar við útreikning á framlagi vegna vænts útlánataps. Spáin fyrir grunnsviðsmynd, jákvæða sviðsmynd og neikvæða sviðsmynd sýnir meðaltalsgildi næstu 12 mánaða og síðan út spátímann.

2020	Næstu 12 mánuði	Út spátímann
Grunnsviðsmynd		
Atvinnuleysi.....	8,30%	4,24%
% breyting ISK.....	0,00%	0,00%
Meðal verðbólga.....	2,90%	2,48%
Neikvæð sviðsmynd		
Atvinnuleysi.....	11,30%	7,24%
% breyting ISK.....	5,00%	2,00%
Meðal verðbólga.....	3,90%	3,48%
Jákvæð sviðsmynd		
Atvinnuleysi.....	5,30%	2,61%
% breyting ISK.....	(5,00%)	(2,00%)
Meðal verðbólga.....	2,40%	1,98%

Hagstærðirnar í mismunandi sviðsmyndum hafa áhrif á útreikning á væntu útlánatapi, bæði næstu 12 mánuði og út líftíma, og mat á tapi að gefnum vanefndum auk mats á áhættustöðu við vanefnd. Breytingar á hagstærðum geta þannig haft jákvæð eða neikvæð áhrif á mat á væntu útlánatapi en veigamesti þátturinn við matið er eftir sem áður núverandi staða áhættuþátta.

Í eftirfarandi töflu má sjá vænt útlánatap miðað við hverja sviðsmynd og fyrir mismunandi stig. Taflan sýnir jafnframt heildarvirðisrýrnun eftir stigum sem tekur tillit til niðurstöðu sviðsmyndanna og vægi þeirra.

	Jákvæð sviðsmynd	Grunn-sviðsmynd	Neikvæð sviðsmynd	Virðisrýrnun
Stig 1.....	36.531	78.229	156.546	85.552
Stig 2.....	62.830	127.040	226.221	134.034
Stig 3.....	619.170	731.528	875.358	737.822
	718.530	936.798	1.258.125	957.408
Vægi	20%	60%	20%	

Endanleg afskrift fjáreigna

Útlán og leigusamningakröfur eru færðar sem endanlega tapaðar, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á endurheimtum þeirra fjárhæða sem færðar eru út.

Fullnustueignir

Fastafjármunir er flokkaðir til sölu ef miklar líkur eru á því að þeir verði seldir og eru tilbúnir til sölu í núverandi ástandi. Stjórnendur þurfa að styðja ákvörðun um sölu sem ætti að vera lokið innan árs frá endurflokkun. Fastafjármunir sem fengnir eru til fullnustu krafna eru færðir á áætluðu gangvirði að teknu tilliti til sölukostnaðar eða kostnaðarverði hvort sem lægra reynist. Allar síðari færslur á fenginni eign niður í gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði, að því marki sem það fer ekki yfir áður færða virðisrýrnun, eru færðar í rekstrarreikning.

Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð

Endurheimtanleg fjárhæð fjáreigna sem bókfærðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er reiknuð sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis afvaxtað með upphaflegum virkum vöxtum. Skammtímakröfur eru ekki afvaxtaðar.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið út frá væntu framtíðarfjárflæði sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir einstökum eignum.

Skýringar, frh.:

22. Fjáreignir og fjárskuldir, frh.:

Reikningsskilaaðferðir fyrir fjármálagerninga eru eftirfarandi frá 1. janúar 2020, frh:

b. Virðisrýrnun, frh.:

Bakfærsla virðisrýrnunar

Virðisrýrnun af fjáreignum sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði er bakfærð ef hægt er að tengja hækkun á endurheimtanlegri fjárhæð við atburð sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð.

Að því er varðar aðrar eignir er virðisrýrnun bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning endurheimtanlegrar fjárhæðar. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun að teknu tilliti til afskrifta.

c. Fjárskuldir

Fjárskuldir, þar á meðal lántökur, eru upphaflega skráðar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta.

Lántökur eru upphaflega færðar á gangvirði að frádregnum tilheyrandi kostnaði vegna þeirra. Eftir upphaflega færslu eru vaxtaberandi lán færð upp miðað við virka vexti.

Afskráning fjárskulda

Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar. Hagnaður eða tap vegna afskráninga er fært í rekstrarreikning.

23. Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun félagsins á fjáreignum og fjárskuldum:

	Á gangvirði yfir rekstur	Afskrifað kostnaðar- verð	Bókfært alls
31. desember 2020			
Leigusamningar og útlán		38.834.809	38.834.809
Verðbréf	28.252.427		28.252.427
Viðskiptakröfur og útlán í váttryggingastarfsemi		4.677.386	4.677.386
Afleiðueignir	1.345.915		1.345.915
Handbært fé		4.157.687	4.157.687
Fjáreignir samtals	29.598.342	47.669.882	77.268.224
Lántaka		(33.949.842)	(33.949.842)
Afleiðuskuldir	(33.283)		(33.283)
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir		(1.929.717)	(1.929.717)
Víkjandi lán		(2.308.908)	(2.308.908)
Fjáreignir - fjárskuldir	29.565.059	9.481.415	39.046.474
31. desember 2019			
Verðbréf	28.015.199	35	28.015.235
Viðskiptakröfur og útlán í váttryggingastarfsemi		4.930.157	4.930.157
Handbært fé		6.433.415	6.433.415
Fjáreignir samtals	28.015.199	11.363.607	39.378.807
Afleiðuskuldir	(35.167)		(35.167)
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir		(1.082.062)	(1.082.062)
Víkjandi lán		(2.231.048)	(2.231.048)
Fjáreignir - fjárskuldir	27.980.032	8.050.497	36.030.530

Samstæðan birtir ekki gangvirði annarra fjáreigna þar sem bókfært verð þeirra er talið endurspeglar gangvirðið.

Hluti af handbæru fé eða 528 m.kr og verðbréf allt að 184 m.kr. eru veðsettar til trygginga á skuldbindingum samstæðunnar. Sjá einnig skýringar 24 og 25 um aðrar veðsetningar.

Skýringar, frh.:

	2020	2019
24. Leigusamningar og útlán		
Leigusamningar og útlán greinast þannig:		
Leigusamningar, fasteignir	149.820	0
Leigusamningar, ökutæki, vélar og tæki	15.033.230	0
Skuldabréf með veði í fasteignum	3.841.056	0
Skuldabréf með veði í bifreiðum	19.009.719	0
Önnur skuldabréf	785.102	0
Víxlar	1.186	0
Annað	14.695	0
Leigusamningar og útlán samtals	38.834.809	0

Réttindi og fjárkröfur vegna leigusamninga og útlána félagsins að fjárhæð 32,5 ma.kr. hafa verið veðsett fyrir skuldbindingum félagsins allt að fjárhæð 29 ma.kr. Sjá að auki skýringar 23 og 25 varðandi eignir sem hafa einnig verið veðsettar.

Skil leigusamninga og útlána og vænt útlánatap greinist þannig:

	Brúttó staða	Vænt útlánatap	Bókfærð staða
Ógjaldfallið	37.629.484	617.323	37.012.162
Vanskil 1-30 dagar	437.461	8.069	429.392
Vanskil 31-60 dagar	650.088	32.974	617.114
Vanskil 61-90 dagar	171.199	3.670	167.529
Vanskil > 90 dagar	752.071	143.459	608.613
Leigusamningar og útlán samtals	39.640.303	805.495	38.834.809

Afskriftarreikningur leigusamninga og útlána

Eftirfarandi töflur sýna breytingar á framlagi í afskriftarreikning eftir tegundum fjáreigna og stigum virðisrýmunarlíkans IFRS 9. Færslur af stigi 1 á stig 2 verða þegar veruleg aukning hefur orðið í útlánaáhættu. Færslur af stigi 1 og 2 á stig 3 verða þegar hlutlægar vísbendingar eru til staðar um virðisrýrnun. Færslur niður um stig verða þegar hlutlægar vísbendingar eru ekki lengur til staðar um virðisrýrnun (af stigi 3) eða þegar útlánaáhætta hefur minnkað og ekki er lengur talin verulega aukin frá upphaflegri skráningu (af stigi 2 á stig 1).

Breyting á afskriftarreikningi leigusamninga og útlána greinist þannig:

31. desember 2020

Afskriftarreikningur leigusamninga og útlána	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Staða í upphafi tímabils	44.609	94.408	157.602	296.619
<i>Fært á milli stiga:</i>				
Fært á stig 1	2.191 (2.178) (14)	0
Fært á stig 2	(25.109)	26.920 (1.810)	0
Fært á stig 3	(5.096) (50.924)	56.020	0
Endurmat á væntu útlánatapi	60.089	88.946	423.471	572.506
Innkomið, áður afskrifað	0	0	25.858	25.858
Endanlega tapað	(6.502) (23.262) (59.725) (89.490)
Samtals afskriftarreikningur	70.181	133.910	601.403	805.494

Skýringar, frh.:

25. Rekstrarleigugeignir

Rekstrarleigugeignir greinast þannig:

	Bifreiðar og tæki
31. desember 2020	
Kostnaðarverð 1/1.....	3.298.717
Viðbót á árinu.....	447.044
Selt og niðurlagt á árinu.....	(1.063.935)
Kostnaðarverð 31/12.....	<u>2.681.826</u>
Afskrifað alls 1/1.....	831.495
Afskrifað á árinu.....	382.282
Selt og niðurlagt á árinu.....	(394.354)
Afskrifað alls 31/12.....	<u>819.423</u>
Bókfært verð 31/12.....	<u>1.862.403</u>
Afskriftarhlutföll	10-17%
Eftirstöðvar leigugreiðslna af rekstrarleigusamningum óafvaxtaðar, greinast með eftirfarandi hætti:	
Innan árs.....	507.052
Á öðru ári.....	262.127
Á þriðja ári.....	118.609
Á fjórða ári.....	29.291
Síðar.....	<u>3.235</u>
	<u>920.314</u>

Rekstrarleigugeignir eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýmnum. Afskriftir eru reiknaðar og færðar í rekstrarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma að teknu tilliti til hrakvirðis einstakra hluta eignar.

Rekstrarleigugeignir að fjárhæð 411 m.kr. eru veðsettar til tryggingar á skuldbindingum samstæðunnar. Sjá einnig skýringar 23 og 24 um aðrar veðsetningar.

26. Viðskiptakröfur og útlán í váttryggingastarfsemi

	2020	2019
Viðskiptakröfur:		
Viðskiptakröfur vegna váttryggingastarfsemi	3.887.544	3.988.419
Aðrar kröfur	410.706	301.108
Viðskiptakröfur samtals	<u>4.298.250</u>	<u>4.289.527</u>
Útlán:		
Skuldabréf með veðtryggingu	414.286	662.507
Önnur útlán	268.346	230.045
Ótekjufærð afföll og lántökukostnaður	(3.115)	(7.957)
Útlán samtals	<u>679.517</u>	<u>884.595</u>
Viðskiptakröfur og útlán í váttryggingastarfsemi.....	4.977.767	5.174.122
Afskriftareikningur viðskiptakrafna.....	(148.466)	(181.465)
Afskriftareikningur útlána.....	(151.916)	(62.500)
Viðskiptakröfur og útlán í váttryggingastarfsemi samtals.....	<u>4.677.386</u>	<u>4.930.157</u>
Útlán samtals að teknu tilliti til afskriftareiknings.....	<u>527.601</u>	<u>822.095</u>
Næsta árs afborgun	181.103	289.401
Til lengri tíma.....	346.498	532.694

Skýringar, frh.:

26. Viðskiptakröfur og útlán í váttryggingastarfsemi, frh.:

Skil viðskiptakrafna og útlána í váttryggingastarfsemi greinist þannig:

	Brúttó staða	Vænt útlánatap	Bókfærð staða
31. desember 2020			
Ógjaldfallið	4.687.598	(73.734)	4.613.864
Vanskil 1-30 dagar	1.488	(60)	1.428
Vanskil 31-60 dagar	226	(20)	206
Vanskil 61-90 dagar	645	(108)	537
Vanskil > 90 dagar	287.809	(226.459)	61.350
Viðskiptakröfur og útlán í váttryggingastarfsemi samtals	4.977.767	(300.382)	4.677.386

31. desember 2020

Afskriftarreikningur viðskiptakrafna og útlána	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Staða í upphafi tímabils	59.030	3.214	181.749	243.993
<i>Fært á milli stiga:</i>				
Fært á stig 1	0	0	0	0
Fært á stig 2	(86)	86	0	0
Fært á stig 3	(5.835)	0	5.835	0
Endurmat á væntu útlánatapi	64.917	(3.179)	133.938	195.676
Endanlega tapað	(46.473)	0	(92.815)	(139.288)
Samtals afskriftarreikningur	71.553	121	228.707	300.382

27. Verðbréf

Stigkerfi gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjármálagerninga færða á gangvirði eftir verðmatsaðferð. Aðferðirnar eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:

Stig 1: skráð verð á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.

Stig 2: forsendur byggja á öðrum breytum en skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verði) eða óbeint (afleidd af verðum).

Stig 3: forsendur gangvirðis eigna og skulda eru ekki byggðar á gögnum sem unnt er að afla á markaði, heldur meðal annars á upplýsingum um afkomu viðkomandi félags, kaup og sölu eignarhluta o.fl.

Vísað er í skýringu 22b varðandi grundvöll mats á gangvirði fjáreigna.

Mat á gangvirði 31. desember 2020	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Verðbréf:				
Ríkistryggðar fjáreignir				
Ríkistryggð verðbréf	4.347.432	1.297		4.348.730
Ríkisverðbréfasjóðir	440.678			440.678
Skuldabréf				
Eignatryggð skuldabréf	7.333.152	212.690		7.545.842
Önnur skuldabréf	932.632	817.089	200.001	1.949.722
Hlutabréf				
Skráð hlutabréf	1.079.039			1.079.039
Óskráð hlutabréf		5.179.442	2.292.747	7.472.189
Hlutdeildarskírteini				
Skuldabréfasjóðir	1.398.203	1.313.524		2.711.727
Önnur verðbréf				
Önnur verðbréf	1.036.092	1.447.582	220.825	2.704.499
Verðbréf samtals	16.567.228	8.971.624	2.713.573	28.252.427
Afleiðusamningar:				
Afleiður, eignir			1.345.915	1.345.915
Afleiður, skuldir	(33.283)			(33.283)
Afleiður samtals	(33.283)	0	1.345.915	1.312.632

Skýringar, frh.:

27. Verðbréf, frh.:

Mat á gangvirði 31. desember 2019	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Verðbréf:				
Ríkistryggðar fjáreignir				
Ríkistryggð verðbréf	1.610.050	1.835		1.611.885
Ríkisverðbréfasjóðir	413.670			413.670
Skuldabréf				
Eignatryggð skuldabréf	7.592.614	200.773		7.793.387
Önnur skuldabréf	924.018	363.414	169.000	1.456.432
Hlutabréf				
Skráð hlutabréf	2.657.141			2.657.141
Óskráð hlutabréf		4.207.269	1.991.602	6.198.871
Hlutdeildarskírteini				
Skuldabréfasjóðir	4.120.057	1.320.683		5.440.740
Önnur verðbréf				
Önnur verðbréf	731.954	1.454.439	256.715	2.443.108
Verðbréf samtals	18.049.504	7.548.413	2.417.317	28.015.235
Afleiðusamningar:				
Afleiður, skuldir	35.167			35.167
Afleiður samtals	35.167	0	0	35.167

Á árinu 2020 voru engar breytingar á flokkun eigna vegna breyttra forsendna við mat á gangvirði þeirra.

Breyting á eignum sem falla undir stig 3:

Staða 1.1.	2.417.317
Fært á milli stiga	0
Keypt	0
Selt/arðgreiðslur/afborganir	0
Vextir og matsbreytingar *	296.257
Staða 31.12	2.713.573

*Óinnleyst.

Taflan hér að neðan sýnir forsendur sem notaðar eru við mat á eignum sem falla undir stig 3 ásamt næmni fyrir breytingum á þeim.

Fjáreign	Gangvirði 31.12.2020	Forsendur	Bil	Áhrif á gangvirði, næmnigreining
Óskráð hlutabréf	2.292.747	EBITDA vöxtur	1,1%-3,2%	Óskráð hlutabréf á 3. stigi eru ýmist metin á kaupverði, út frá nýlegum viðskiptum, miðað við hlutdeild í eigin fé, út frá kennitölusamanburði (eignir 1) eða út frá sjóðstreymismati (eignir 2).
		Ávöxtunarkrafa á eigið fé	10,6%-16,6%	5% lækkun á virði eigna 1 og 2,5% lækkun í EBITDA vexti og 2,5% hækkun á ávöxtunarkröfu á eigið fé eigna 2 lækkar virði eigna um 226 m.kr.
				5% hækkun á virði eigna 1 og 2,5% hækkun í EBITDA vexti og 2,5% lækkun á ávöxtunarkröfu á eigið fé eigna 2 hækkar virði eigna um 252 m.kr.

Skýringar, frh.:

28. Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka

TM líftryggingar hf. býður söfnunarlíftryggingar sem innihalda að hluta líftryggingu og hins vegar sparnað í verðbréfasjóði. Vátryggingataki ber sjálfur fjárfestingaáættuna.

29. Skatteign

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki. Framtíðarhorfur og áætlanir félagsins til næstu ára gera ráð fyrir að félagið geti nýtt inneignina á móti skattskyldum hagnaði hvort sem af sameiningu við Kvikubanka verði eða ekki.

	2020	2019
Skatteign 1.1.....	99.743	88.311
Leiðrétt frá fyrra ári.....	66.583	0
Yfirtekið við kaup á Lykli hf.....	1.088.721	0
Reiknaður skattur ársins.....	(362.548)	(7.059)
Skattur til greiðslu.....	131.888	0
Tekjuskattsinnæign vegna innleiðingar IFRS 16.....	0	18.490
Skatteign 31.12.....	<u>1.024.386</u>	<u>99.743</u>

Skatteign greinist í eftirtalda liði:

Rekstrarfjármunir.....	(66.991)	(73.223)
Leiguréttindi, -skuldbindingar.....	15.028	17.714
Framvirkir samningar.....	(262.526)	0
Viðskiptakröfur.....	159.343	210.657
Gengismunur.....	(20.248)	(6.779)
Niðurfærsla skatteignar.....	(2.726.317)	(66.583)
Yfirfæranlegt skattalegt tap.....	3.926.099	17.957
Skatteign í árslok.....	<u>1.024.386</u>	<u>99.743</u>

Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði næstu ára sem hér segir:

Skattalegt tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025.....	130.140
Skattalegt tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027.....	453.436
Skattalegt tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028.....	18.137.597
Skattalegt tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030.....	909.320
	<u>19.630.493</u>

30. Aðrar eignir

i) Fullnustueignir

Eignir sem haldið er til sölu eru fullnustueignir sem félagið hefur yfirtekið vegna uppgjörs vanskila, færðar á kaupverði að teknu tilliti til varúðarniðurfærslu.

	2020	2019
Fasteignir	445	445
Lausafjármunir	80.454	24.766
Fullnustueignir samtals	<u>80.899</u>	<u>25.210</u>

ii) Aðrar eignir	96.018	4.749
Aðrar eignir samtals	<u>176.917</u>	<u>29.960</u>

Skýringar, frh.:

31. Hlutfé og varasjóðir

Hlutfé

Heildarhlutfé, samþykkt og útgæfið af félaginu í árslok 2020, er 772 milljónir hluta að nafnvirði 1 króna hver. Hverjum einnar krónu hlut fylgir eitt atkvæði og eiga hluthafar þannig rétt á einu atkvæði á hlut á félagsfundum. Greitt hefur verið fyrir alla hluti að fullu.

Þegar samstæðan kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir er eigið fé hækkað.

Arðgreiðslur

Arðgreiðslur til hluthafa eru færðar til lækkunar á eigin fé þegar þær eru samþykktar af aðalfundi. Samkvæmt lögum um hlutfafélög nr. 2/1995 má einungis úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta árs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem kveðið er á um samkvæmt lögum eða félagssamþykktum. Óheimilt er samkvæmt ársreikningalögum nr. 3/2006 að úthluta arði af gangvirðisreikningi og bundnum hlutdeildarreikningum á meðal eigin fjár.

Yfirverð

Yfirverð er munurinn á söluverði sem félagið fékk við útgáfu á hlutfé og nafnverðs útgefina hluta, að frádregnum kostnaði við útgáfu nýrra hluta að teknu tilliti til skattaáhrifa og kaupverði eigin hluta umfram nafnverð þeirra.

Lögbundinn varasjóður

Lögbundni varasjóðurinn er stofnaður í samræmi við lög um hlutfafélög nr. 2/1995 sem kveða á um að minnst 10% af hagnaði félagsins, sem ekki er ráðstafað á móti tapi fyrri ára eða lagt í aðra sjóði í samræmi við lög, skuli leggja í varasjóð þar til virði sjóðsins nemur 10% af hlutfé félagsins. Þegar þeim mörkum hefur verið náð skal framlag í varasjóð vera minnst 5% þar til virði hans nemur fjórðungi af hlutfé félagsins.

Bundið eigið fé:

Óinnleyst matsbreyting fjármálagerna

Á bundinn eiginfjárreikning er færð óinnleyst matsbreyting fjáreigna tilgreindra á gangvirði við upphaflega skráningu að teknu tilliti til skattaáhrifa.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Á bundinn hlutdeildarreikning er færður mismunur á hlutdeild sem færð hefur verið í rekstrareikning vegna dótturfélags og þeirri fjárhæð sem nemur mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta. Tekið er tillit til þeirrar fjárhæðar sem bundin er vegna matsbreytinga fjármálagerna hjá dótturfélagi. Reikningurinn er leystur upp ef hlutdeildin er seld eða afskrifuð.

Skýringar, frh.:

31. Hlutfé og varasjóðir, frh.:

Bundið eigið fé greinist á eftirfarandi hátt:

	Óinnleyst matsbreyting fjármálagerna	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Samtals
Óinnleyst matsbreyting fjármálagerna	4.217.951		4.217.951
Skattaáhrif af óinnleystri matsbreytingu fjármálagerna	(330.966)		(330.966)
Hlutdeild í bundnum eiginfjárreikningi dótturfélaga		1.325.553	1.325.553
Staða í árslok 2019	3.886.985	1.325.553	5.212.538
Staða í ársbyrjun 2020	3.886.985	1.325.553	5.212.538
Breyting á óinnleystri matsbreytingu fjármálagerna	1.202.946		1.202.946
Breyting skattaáhrifa af óinnleystri matsbreytingu fjármálagerna	(181.376)		(181.376)
Bundið undirverð vegna kaupa á Lykli hf.		2.250.503	2.250.503
Lækkuð binding vegna slita á TM fé		(1.239.368)	(1.239.368)
Hlutdeild í bundnum eiginfjárreikningi dótturfélaga		32.014	32.014
Staða í árslok 2020	4.908.555	2.368.702	7.277.256

Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé er óráðstafaður hagnaður og tap samstæðunnar frá stofnun félagsins að frádregnum framlögum í varasjóð.

Eigin hlutabréf

Félagið hvorki keypti né seldi eigin bréf á árinu og átti engin eigin bréf í árslok.

32. Gjaldþol

Gjaldþol segir til um getu félagsins til að taka á sig áföll, þ.e.a.s. fjárhagslegan styrk þess. Gjaldþolskrafa skv. lögum er það lágmark gjaldþols sem váttryggingafélag þarf að hafa og er það reiknað út frá raunverulegri áhættu félagsins samkvæmt staðalreglu. Stjórn TM hefur gefið út að stýra eigi gjaldþoli félagsins þannig að gjaldþolshlutfall þess sé á bilinu 1,2 til 1,6.

Gjaldþol samstæðunnar (sbr. 20. gr. laga nr. 60/2017, 88. og 95. gr. laga nr. 100/2016 og gr. 329 reglugerðar 2015/35/ESB) er 22.817 m.kr. (2019: 19.338 m.kr.). Gjaldþolskrafa er 13.887 m.kr. (2019: 9.539 m.kr.) og er því gjaldþolshlutfall samstæðunnar 1,64.

	2020	2019
Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi	22.661.765	17.351.339
Víkjandi lán	2.308.908	2.231.048
Óefnislegar eignir	(836.700)	(665.953)
Skatteign, Lykill fjármögnun hf.	(1.088.721)	0
Leiðrétting vegna varfærismats fjáreigna sem metnar eru á gangvirði	(2.339)	0
Tillaga um arðgreiðslu	0	0
Óbeinn hlutur í eigin bréfum eftir gegnumhorf	(464.307)	0
Mismunur á nettó váttryggingaskuld í reikningskilum og samkvæmt gjaldþolsreglum.....	238.387	421.484
	22.816.993	19.337.917
Gjaldþol	22.816.993	19.337.917
Gjaldþolskrafa váttryggingastarfsemi	8.348.417	9.538.810
Lágmarkseiginfjárfrafa fjármögnunarstarfsemi	5.538.803	-
Lágmarksgjaldþol fjármálasamsteypu	13.887.220	-
Gjaldþolshlutfall	1,64	2,03
Hæfir liðir til að mæta lágmarksfjármagni	10.559.964	17.743.518
Lágmarksfjármagn (MCR)	3.795.611	3.681.956
Lágmarksfjármagnshlutfall	2,78	4,82

Skýringar, frh.:

	2020	2019
32. Gjaldpól, frh.:		
Gjaldpólskrafa		
Líftryggingaáhætta	267.826	226.185
Heilsutryggingaáhætta	1.419.479	1.381.419
Skaðatryggingaáhætta	4.654.667	4.659.543
Markaðsáhætta	5.631.581	6.597.691
Mótaðilaáhætta	1.105.419	1.995.647
Fjölbættingaráhrif	(3.917.774)	(4.396.271)
Grunngjaldpólskrafa (basic SCR)	9.161.198	10.464.214
Rekstraráhætta	601.726	562.206
Áhætta vegna óefnislegra eigna	0	0
Aðlögun vegna frestaðra skatta	(1.414.508)	(1.487.609)
Gjaldpólskrafa (SCR)	<u>8.348.417</u>	<u>9.538.810</u>
Eiginfjárkröfur fjármögnunarstarfsemi *		
Útlánaáhætta	2.689.273	
Markaðsáhætta	31.565	
Rekstraráhætta	350.978	
Aðlögun á útlánvirði afleiðna	106.838	
Lögbundin lágmarks eiginfjárfkrafa (Stoð I eiginfjárfkrafa)	<u>3.178.653</u>	
Niðurstaða innra mats (Stoð II eiginfjárfkrafa)	1.366.821	
Lágmarkseiginfjárfkrafa fjármögnunarstarfsemi	<u>4.545.474</u>	
Vermdunarauki	993.329	
Heildarkrafa um eiginfjárgrunn	<u>5.538.803</u>	

* Engar samanburðarfjárhæðir þar sem Lykill kemur ekki í samstæðu fyrr en 2020.

Eiginfjárlutfall Lykils sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 26,9%. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Þá hafa verið lagðir á félagið svonefndir eiginfjárukar, 2,5% vermdunarauki frá 1. janúar 2017 skv. áður nefndum lögum, en sveiflujöfnunarauki er nú 0% en var 1,75% í árslok 2019.

Lykill beitir staðalaðferð við útreikning á áhættuvegnum eignum vegna útlánaáhættu og markaðsáhættu og grundvallaraðferð vegna rekstraráhættu. Félagið gerir jafnframt árlega innra matsferli fyrir eiginfjárkröfur (e. Internal Adequacy Assessment Process, ICAAP) og var niðurstaða síðasta mats að viðbótar eiginfjárkröfur nemi 3,44% af áhættugrunni félagsins.

	2020	2019*
Reiknað eiginfjárlutfall Lykils skv. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki	26,9%	28,1%

* Lykill hf. var ekki hluti af samstæðunni árið 2019. Reiknað eiginfjárlutfall 2019 er sýnt hér eingöngu til upplýsinga.

33. Vátryggingaskuld

Vátryggingaskuld í efnahagsreikningi er skuldbinding samstæðunnar vegna gerðra vátryggingasamninga og er hún samtala besta mats tjónaskuldar, iðgjaldaskuldar og áhættuálags.

Tjónaskuld er sú fjárhagslega skuldbinding sem hvílir á samstæðunni vegna orðinna tjóna. Kjarni hennar er tölfraðilegt mat á endanlegum tjónakostnaði orðinna og óuppgerðra tjóna þegar uppgjóri þeirra er lokið, en að frádregnu því sem þegar hefur verið greitt. Við kjarna tjónaskuldar leggjast álagsliðir samkvæmt ákvæðum laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi og tengdri löggjöf. Álagsliðirnir eru:

- 1) Væntanlegur kostnaður samstæðunnar við umsjá og uppgjör tjóna.
- 2) Mat á verðlagsbreytingum frá reikningsskiladegi fram að greiðslu.
- 3) Áhrif núvirðingar á reiknuðu væntu fjárstreymi við uppgjör tjóna með vaxtaferlum útgefnum af eftirlitsstjórnvöldum.

Iðgjaldaskuld er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar vátryggingaáhættu sem tilheyrir næstu reikningsárum að teknu tilliti til væntanlegrar niðurfellingar iðgjalda. Iðgjaldaskuld er verðmæti þeirrar vátryggingaverndar sem félagið hefur þegar lofað að veita eftir lok reikningstímabilsins.

Skýringar, frh.:

33 Vátryggingaskuld,frh.:

Áhættuálag er mat á fjármagnskostnaði við að leggja til eigið fé til jafns við gjaldþolskröfu sem er nauðsynleg til að standa undir vátryggingaskuldbindingum á uppgjörstíma þeirra. Áhættuálagið kemur ekki til greiðslu nema félagið eða hluti þess sé selt.

Félagið hefur notað þessa aðferð við mat á tjónaskuld síðan í ársuppgjöri ársins 2014. Aðferðin er í samræmi við reglur IFRS 4 og laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi, þannig að mat á tjónaskuld í gjaldþolsútreikningum er það sama og í ársreikningi. Matsaðferð iðgjaldaskuldar og áhættuálags, sem samstæðan notar við reikningsskil, er ekki sú sama og er notuð við gjaldþolsútreikninga.

Í meðfylgjandi viðauka á bls. 65 má sjá þróun tjónaskuldar samstæðunnar eftir tjónsárum á síðastliðnum tíu árum og stöðu hennar í árslok 2020.

Vátryggingaskuld í efnahagsreikningi greinist þannig:

	2020	2019
Vátryggingaskuld (heild):		
Tjónaskuld	15.693.030	14.399.174
Iðgjaldaskuld	5.044.894	5.102.549
Áhættuálag	655.411	578.392
Vátryggingaskuld samtals.....	<u>21.393.335</u>	<u>20.080.115</u>

Endurtryggingasamningar samstæðunnar eru aðallega umframskaðasamningar (Excess of Loss) sem bæta stórtjón, en fáeinir greinar eru með hlutfallssamninga (Quota share).

Hlutdeild endurtryggjenda:

Tjónaskuld	571.383	324.603
Iðgjaldaskuld	98.612	90.520
Hlutdeild endurtryggjenda samtals.....	<u>669.995</u>	<u>415.123</u>

Vátryggingaskuld í eigin hlut:

Tjónaskuld	15.121.647	14.074.571
Iðgjaldaskuld	4.946.282	5.012.029
Áhættuálag	655.411	578.392
Vátryggingaskuld í eigin hlut samtals.....	<u>20.723.340</u>	<u>19.664.991</u>

Áætlun vegna tilkynntra tjóna, tjónakostnaðar og kostnaðar vegna orðinna en ótilkynntra tjóna er skuldfærð að frádregnu væntanlegu hrakvirði tjónamuna. Heildarfjárhæð hrakvirðis í árslok 2020 og 2019 er óveruleg.

	Heild	Hlutdeild endur- tryggjenda	Í eigin hlut
Þróun tjónaskuldar vegna tjóna fyrri ára á árinu 2020			
Tjónaskuld í byrjun árs	14.399.174	(324.603)	14.074.571
Greidd tjón á árinu vegna fyrri ára	(6.810.585)	365.291	(6.445.294)
Gengisbreyting tjónaskuldar fyrri ára	132.779	0	132.779
Vöxtun og vaxtabreytingar tjónaskuldar fyrri ára	433.420	0	433.420
Matsbreyting tjónaskuldar fyrri ára	371.719	(250.202)	121.517
Tjónaskuld í lok árs vegna núverandi árs	7.166.523	(361.869)	6.804.654
Tjónaskuld í lok árs	<u>15.693.030</u>	<u>(571.383)</u>	<u>15.121.647</u>
Breyting tjónaskuldar vegna vátryggingarekstrar	727.656	(246.780)	480.877
Hlutfallsleg matsbreyting vegna tjóna fyrri ára	2,6%	77,1%	0,9%

Skýringar, frh.:

33. Vátryggingaskuld,frh.:

	Heild	Hlutdeild endur- tryggjenda	Í eigin hlut
Þróun tjónaskuldar vegna tjóna fyrri ára á árinu 2019			
Tjónaskuld í byrjun árs	12.725.055	(638.363)	12.086.692
Greidd tjón á árinu vegna fyrri ára	(6.827.785)	307.841	(6.519.944)
Gengisbreyting tjónaskuldar fyrri ára	25.032	0	25.032
Vöxtun og vaxtabreytingar tjónaskuldar fyrri ára	604.512	0	604.512
Matsbreyting tjónaskuldar fyrri ára	1.001.395	15.157	1.016.552
Tjónaskuld í lok árs vegna núverandi árs	6.870.965	(9.238)	6.861.727
Tjónaskuld í lok árs	<u>14.399.174</u>	<u>(324.603)</u>	<u>14.074.571</u>
Breyting tjónaskuldar vegna vátryggingarekstrar	1.044.575	313.760	1.358.335
Hlutfallsleg matsbreyting vegna tjóna fyrri ára	7,9%	(2,4%)	8,4%

0,7% af samsettu hlutfalli samstæðunnar á árinu 2020 má rekja til neikvæðrar matsþróunar í eigin hlut, en á árinu 2019 taldi neikvæð matsþróun í eigin hlut 6% af samsettu hlutfalli.

	Heild	Hlutdeild endur- tryggjenda	Í eigin hlut
Þróun iðgjaldaskuldar á árinu 2020			
Iðgjaldaskuld í byrjun tímabils	5.102.549	(90.520)	5.012.029
Gengisbreyting iðgjaldaskuldar	1.767	(10.512)	(8.745)
Breyting iðgjaldaskuldar án gengisbreytinga	(59.422)	2.420	(57.002)
Iðgjaldaskuld í lok tímabils	<u>5.044.894</u>	<u>(98.612)</u>	<u>4.946.282</u>

	Heild	Hlutdeild endur- tryggjenda	Í eigin hlut
Þróun iðgjaldaskuldar á árinu 2019			
Iðgjaldaskuld í byrjun tímabils	4.887.476	(81.812)	4.805.664
Gengisbreyting iðgjaldaskuldar	(3.606)	(200)	(3.806)
Breyting iðgjaldaskuldar án gengisbreytinga	218.679	(8.507)	210.172
Iðgjaldaskuld í lok tímabils	<u>5.102.549</u>	<u>(90.519)</u>	<u>5.012.030</u>

	Heild	Hlutdeild endur- tryggjenda	Í eigin hlut
Vöxtun, vaxta- og gengisbreytingar á árinu 2020			
Vöxtun og vaxtabreytingar tjónaskuldar fyrri ára	433.420	0	433.420
Gengisbreyting tjónaskuldar fyrri ára	132.779	0	132.779
Breyting iðgjaldaskuldar án gengisbreytinga	1.767	(10.512)	(8.745)
Alls vöxtun, vaxta- og gengisbreytingar vátryggingaskuldar	<u>567.966</u>	<u>(10.512)</u>	<u>557.455</u>

	Heild	Hlutdeild endur- tryggjenda	Í eigin hlut
Vöxtun, vaxta- og gengisbreytingar á árinu 2019			
Vöxtun og vaxtabreytingar tjónaskuldar fyrri ára	604.512	0	604.512
Gengisbreyting tjónaskuldar fyrri ára	25.032	0	25.032
Breyting iðgjaldaskuldar án gengisbreytinga	(3.606)	(200)	(3.806)
Alls vöxtun, vaxta- og gengisbreytingar vátryggingaskuldar	<u>625.938</u>	<u>(200)</u>	<u>625.737</u>

Skýringar, frh.:

	2020	2019
34. Víkjandi lán		
Víkjandi lán.....	2.308.908	2.231.048
Næsta árs afborgun	0	0
Til lengri tíma.....	2.308.908	2.231.048

Á árinu 2015 gaf TM út víkjandi skuldabréf að fjárhæð 2.000 m.kr. Víkjandi skuldabréfin eru verðtryggð og teljast til gjaldþols félagsins. Skuldabréfin bera 5,25% fasta verðtryggða vexti og eru til 30 ára með uppgreiðsluheimild og þrepahækkun í vöxtum upp í 6,25% eftir 10 ár.

35. Lántaka	2020
a) Lántaka greinist þannig:	
Víxilútgáfa	2.522.497
Óverðtryggð skuldabréf, Lykill 16-1, breytilegir vextir	4.465.977
Óverðtryggð skuldabréf, Lykill 23 11, breytilegir vextir, Reibor + 1,1% álag	1.799.890
Óverðtryggð skuldabréf, Lykill 21, fastir vextir	265.565
Óverðtryggð skuldabréf, Lykill 21 04, fastir vextir	673.855
Óverðtryggð skuldabréf, Lykill 24 06, fastir vextir	1.382.541
Óverðtryggð skuldabréf, Lykill 23 09, fastir vextir	709.734
Verðtryggð skuldabréf, Lykill 17-1, fastir vextir	10.311.845
Verðtryggð skuldabréf, Lykill 26 05, fastir vextir	4.350.497
Önnur lántaka	388.515
Ádráttarlínur	7.078.926
Samtals lántaka 31.12.2020	<u>33.949.842</u>

b) Hreyfingar á tímabilinu:

Yfirtekin lán í samruna	31.127.336
Ný lán	16.480.381
Afborganir	(14.166.823)
Áfallnir vextir, verðbætur og gengismunur	508.948
Samtals lántaka 31.12	<u>33.949.842</u>

Eftirfarandi skuldabréfaútgáfur eru gefnar út af Lykli. Skuldabréfaflokkarnir LYKILL 16-1, LYKILL 21 04 og LYKILL 21 endurgreiðast með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. LYKILL 16-1 var gefinn út 25. október 2016, ber breytilega vexti tengda eins mánaðar REIBOR vöxtum auk fasts álags og hefur lokagjalddaga 16. október 2023. LYKILL 21 04, og 21 bera fasta vexti, útgáfudagur 21 04 er 30. apríl 2020 og lokagjalddagi þann 28. apríl 2021 en LYKILL 21 er óskráður flokkur, útgáfudagur er þann 1. mars 2019 og lokagjalddagi 15. apríl 2021. LYKILL 23 09 og Lykill 24 06 bera fasta óverðtryggða vexti og endurgreiðist með föstum ársfjórðungslegum greiðslum. Útgáfudagar eru 2. september 2019 og 15. júní 2020 og lokagjalddagar 15. september 2023 og 15. júní 2024. LYKILL 23 11 var gefinn út 27. nóvember 2020, ber breytilega vexti tengda eins mánaðar REIBOR vöxtum auk fasts álags, vextir greiðast á eins mánaðar fresti og höfuðstóll greiðist með einni greiðslu á lokagjalddaga 28. nóvember 2023.

Skuldabréfaflokkarnir LYKILL 17-1 og 26 05 bera fasta verðtryggða vexti. LYKILL 17-1 endurgreiðist með jöfnum árlegum greiðslum, útgáfudagur er 17. maí 2017 og lokagjalddagi 15. maí 2024. LYKILL 26 05 endurgreiðist með jöfnum ársfjórðungslegum greiðslum, útgáfudagur er 15. maí 2019 og lokagjalddagi er þann 15. maí 2026. Að undanskildum LYKILL 21 eru allir skuldabréfaflokkar og víxlaútgáfa skráð á Nasdaq Iceland.

Kostnaður við lántöku er eignfærður og var sú fjárhæð 83.117 þús.kr. á tímabilinu og gjaldfærður út líftíma hennar.

Afborganir lána greinast þannig á næstu ár:	2020
Allt að 3 mánuðir	2.526.060
Yfir 3 mánuðir og allt að 1 ári	8.695.202
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	22.223.100
Yfir 5 ár	505.482
Samtals	<u>33.949.842</u>

Skýringar, frh.:

	2020	2019
36. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	790.998	554.213
Skuldir vegna endurtryggingastarfsemi	72.890	85.345
Skammtímaskuldir og áfallin gjöld.....	933.942	442.504
Ógreiddur tekjuskattur.....	131.887	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals.....	<u>1.929.717</u>	<u>1.082.062</u>

37. Kaup TM hf. á Lykli fjármögnun hf.

Þann 21. júlí 2019 gekk TM hf. (TM) til einkaviðræðna við Klakka ehf., eiganda Lykils fjármögnunar hf. (Lykill), um kaup TM á öllum eignarhlutum í Lykli. Þeim viðræðum lauk þann 10. október 2019 með undirritun samnings um kaup á 100% hlutafjár í Lykli. Kaupverðið er 9.597 m.kr. sem TM greiddi seljanda.

Viðskiptin voru háð fyrirvörum sem öllum hefur verið aflétt og var kaupverð greitt þann 7. janúar 2020. Lykill er því hluti af samstæðu TM.

Kaupin á Lykli eru í samræmi við stefnu TM og eftirleiðis mun starfsemi félagsins skiptast í þrjár stoðir, váttryggingar, fjármögnun og fjárfestingar. Fjölmörg tækifæri felast í kaupunum til að bæta arðsemi, ná fram samlegðaráhrifum í tekjuöflun og kostnaði, fjölga fjármögnunarkostum, lækka fjármagnskostnað og gera fjármagnsskipan hagkvæmari.

Eftirfarandi tafla sýnir kaupverð TM á rekstri Lykils og þær eignir og skuldir sem voru keyptar:

Kaupverð

Taflan hér fyrir neðan sundurliðar gangvirði á kaupdegi þeirra greiðslna sem kaupverðið samanstendur af.

Greitt með peningum	9.253.041
Greiðsla vegna hagnaðar ársins 2019	<u>343.807</u>
Samtals	<u>9.596.848</u>

Eignir og skuldir keyptar, á gangvirði

Handbært fé	2.769.208
Markaðsskuldabréf	507.209
Afleiðusamningar	976.083
Leigusamningar og útlán	35.280.174
Rekstrarleigugeignir	2.488.035
Rekstrarfjármunir	171.134
Skatteign	1.088.721
Aðrar eignir	149.514
Leigugeignir	30.301
Fullnustueignir	10.927
Lántaka	(31.127.336)
Leiguskuld	(30.868)
Aðrar skuldir	<u>(465.749)</u>
Nettó eignir keyptar	11.847.352

Undirverð (2.250.503)

Mat á gangvirði á kaupdegi

Í samræmi við kröfur IFRS 3 er félagið búið að áætla gangvirði yfirtekinna eigna og skulda og úthluta kaupverðinu. Mat eigna á kaupdegi var byggt á bókfærðu virði eignanna þann 31.12.2019. Niðurstaða útdelingu kaupverðs er sú að undirverð hafi myndast vegna viðskiptanna. Yfirteknar eignir voru hærri en yfirteknar skuldir sem nemur 11.847 m.kr. og er mismunur á því og kaupverði 2.251 m.kr. færður til tekna í rekstrarreikningi.

Skýringar, frh.:

37. Kaup TM hf. á Lykli fjármögnun hf., frh.:

Keyptir leigusamningar og útlán

Bókfært verð leigusamninga og útlána Lykils nam við kaupin 35.280 m.kr. og skiptist þannig:

Leigusamningar og útlán, brúttó	35.576.793
Afskriftarreikningur leigusamninga og útlána	(296.619)
Leigusamningar og útlán, bókfært verð við kaup	35.280.174

Gangvirði leigusamninga og útlána við yfirtöku er metið það sama og bókfært verð þeirra.

Framlag tekna og tap til samstæðu

Lykill kemur inn í samstæðureikning TM í byrjun árs 2020. Í skýringu 9 um starfspætti eru upplýsingar um tekjur, hagnað Lykils og áhrif félagsins á samstæðu TM á árinu 2020. Þar kemur fram að tekjur Lykils voru 2.436 m.kr. og hagnaður nam 32 m.kr. á tímabilinu.

Kostnaður vegna kaupanna

Kostnaður sem féll til vegna kaupanna hefur verið gjaldfærður og færður meðal rekstrarkostnaðar á árinu 2019 og 2020 eftir því sem hann hefur fallið til.

Kaupverð - greiðslur vegna kaupanna

Greiðslur vegna kaupa á Lykli	9.596.848
Frádrégið: Handbært fé til staðar í fyrirtækinu við kaup	(2.769.208)
Nettó greiðslur færðar í sjóðstreymi	6.827.640

Samstæðan notar kaupaðferðina við öll kaup á fyrirtækjum og rekstri, óháð því hvort keypt eru hlutabréf eða aðrar eignir. Kaupaðferðin felst í að keyptar eignir og skuldir sem eru greinanlegar eru færðar upp og metnar á gangvirði auk þess sem aðrar skuldbindingar eru metnar. Ef endurgjald fyrir þannig metnar eignir og skuldir er hærra, þá er mismunurinn færður sem viðskiptavild til eignar í samstæðunni. Ef endurgjaldið er lægra er mismunurinn færður strax til tekna í rekstrarreikningi. Allur kostnaður við yfirtökuna er gjaldfærður.

Skýringar, frh.:

Áhættustýring

38. Yfirlit

Helstu áhættur sem fylgja starfsemi samstæðunnar eru:

- váttryggingaáhætta
- útlána- og mótaðilaaáhætta
- markaðsáhætta
- lausafjáraáhætta
- rekstraráhætta
- viðskiptaáhætta

Skýringar 39 - 44 veita upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og draga úr áhættu, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu hennar.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna samstæðunnar og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að ná góðri yfirsýn yfir heildaráhættu hennar og meðal annars greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Með starfsþjálfun stefnir félagið að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

Stjórnendur samstæðunnar ákvarða áhættuvilja félagsins ásamt áhættumörkum og marka þannig hvernig og hversu mikil áhættutaka félagsins á að vera, þar með talið áhætta af fjárfestingum. Áhættustýring mælir áhættu og skilar ársfjórðungslegum skýrslum til stjórnar um hvernig áhættusnið félagsins er hverju sinni og hvort áhættutakan sé innan skilgreindra marka áhættuviljans.

Með kaupum TM á Lykli varð veruleg breyting á útlánaáhættu og lausafjáraáhættu samstæðunnar. Hvað varðar aðrar áhættur vísast í ársreikninga TM hf. og Lykils fjármögnunar hf. fyrir árið 2019.

Gjaldþolskrafa

Núverandi lög um váttryggingastarfsemi kveða á um ákveðið lágmarksfjármagn sem váttryggingafélögum er skylt að uppfylla. Um er að ræða tvær kröfur, gjaldþolskröfu og lágmarksfjármagn. Gjaldþolskrafan vegur þyngra fyrir samstæðuna og er hugsuð sem það lágmarks gjaldþol sem félög þurfa að hafa til að stunda váttryggingastarfsemi. Lágmarksfjármagnið er lægra, á bilinu 25-45% af gjaldþolskröfunni. Gjaldþolskrafan er áhættumiðuð, tekur tillit til allra helstu áhættuþátta váttryggingafélaga og reiknuð með staðalreglu. Allar forsendur staðalreglunnar byggja á 99,5% vágildi og er því fjárhæðum í gjaldþolskröfunni ætlað að varpa ljósi á tap sem raungerist með líkum 1 á móti 200 eða sem nemur á 200 ára fresti að meðaltali. Félagið reiknar nú þessa áhættu ársfjórðungslega í samræmi við áhættustefnu félagsins. Áhætta skv. staðalreglu laganna er í eftirfarandi töflu.

Heildaráhætta og gjaldþolskrafa	2020	2019
Líftryggingaáhætta.....	267.826	226.185
Heilsutryggingaáhætta.....	1.419.479	1.381.419
Skaðatryggingaáhætta.....	4.654.667	4.659.543
Markaðsáhætta.....	5.631.581	6.597.691
Mótaðilaáhætta.....	1.105.419	1.995.647
Fjölpættingaráhrif.....	(3.917.774)	(4.396.271)
Áhætta óefnislegra eigna.....	0	0
Grunngjaldþolskrafa.....	9.161.198	10.464.214
Rekstraráhætta.....	601.726	562.206
Aðlögun vegna frestaðra skatta.....	(1.414.508)	(1.487.609)
Heildaráhætta og gjaldþolskrafa.....	8.348.417	9.538.810

Fjölpættingaráhrif (e. Diversification effect) koma til frádráttar heildaráhættu þar sem ekki er talið að allar áhættur raungerist á sama tíma og því ekki rétt að leggja þær allar saman. Í einhverjum tilfellum er talið að fylgni sé á milli áhættuþátta og í öðrum tilfellum ekki. Því eru áhætturnar lagðar saman að teknu tilliti til tengsla á milli þeirra, en það er gert með fylgnifylkjum. Aðlögun vegna frestaðra skatta (e. Adjustment for the loss-absorbing capacity of deferred taxes) kemur til frádráttar ef áhættuþættir raungerast.

Skýringar, frh.:

39. Vátryggingaáhætta

Vátryggingasamningar

Félagið gefur út samninga sem flytja vátryggingalega áhættu frá viðskiptavinum til samstæðunnar.

Með vátryggingasamningi tekur vátryggjandinn að sér vátryggingaáhættu frá vátryggingataka með því að samþykka að bæta tjón vegna ákveðins óviss atburðar í framtíðinni.

Vátryggingasamningar félagsins flokkast í skaðatryggingar og líf- og sjúkdómatryggingar.

Skaðatryggingar

Vátryggingasamningar sem teljast til skaðatrygginga varða ábyrgðartjón, slysatjón og eignatjón.

Ábyrgðartryggingar bæta tjón þriðja aðila sem hinn vátryggði veldur. Slysatryggingar bæta tjón sem hinn vátryggði verður fyrir vegna slyss. Eignatryggingar greiða aðallega bætur til vátryggðra vegna tjóns eða taps á eignum og tengdum hagsmunum. Viðskiptavinir með rekstrarstöðvunartryggingu geta einnig fengið bætur vegna tekjutaps ef tjón á eignum veldur því að þær nýtast ekki í rekstri.

Líf- og sjúkdómatryggingar

Þessir vátryggingasamningar taka til andláts eða ákveðinna alvarlegra sjúkdóma.

Vátryggingaáhætta

Vátryggingaáhætta er áhætta, sem flutt er frá vátryggingataka til vátryggjanda, svo sem áhætta á tjóni á eignum sökum skemmda eða þjófnaðar, veikindum, örorku eða dauða. Félagið tekur að sér að bæta tiltekin tjón viðskiptavina gegn greiðslu iðgjalds. Iðgjald er greitt í upphafi þess tímabils sem vátryggingaverndin nær yfir, tjónin verða seinna og tjónsuppgjör getur síðan tekið nokkurn tíma, misjafnlega langan eftir eðli tjónsins og aðstæðum. Iðgjöld og væntanlegar tjónabætur þarf að varðveita þar til kemur að greiðslu. Iðgjöldin þurfa að standa undir öllum tjónakostnaði, rekstrarkostnaði og hæfilegri álagningu. Sérstök áhætta stafar af því að iðgjöld eru ákveðin fyrirfram en þjónustan veitt síðar og er ekki þekkt í einstökum atriðum í upphafi. Sú áhætta er sérstök fyrir vátryggingastarfsemi og kölluð vátryggingaáhætta.

Vátryggingaáhætta skiptist að grunni til í tvennt. Iðgjaldaáhættu og tjónaskuldaráhættu, til að greina á milli tjóna í framtíðinni og orðinna tjóna.

Iðgjaldaáhætta er sú áhætta að tjón í framtíðinni, að viðbættum kostnaði sem þeim tengist, verði hærri en gert var ráð fyrir þegar iðgjöld fyrir gildandi vátryggingasamninga voru ákvörðuð og vernd sem félagið hefur lofað muni því reynast vanmetin. Áhættan snýr í meginatriðum að því að tíðni tjóna eða tjónsfjárhæðir að meðaltali verði hærri en gert var ráð fyrir. Þetta getur stafað af því að framtíðin er óviss, forsendur eru ónákvæmar en einnig geta einstök stór tjón haft mikil tímabundin áhrif. Hugsanlegt er líka að eðli tjóna reynist annað en gert var ráð fyrir í nýjum vörum eða breytist vegna þróunar í samfélaginu.

Félagið fylgist með eðli og tíðni tjóna ásamt dreifingu tjónsfjárhæða í hverri grein og bregst við breytingum með verðlagningu eða vörupróun ef tilefni er til. Dreigið er úr iðgjaldaáhættu með því að dreifa áhættunni á milli margra vátryggingagreina og með endurtryggingum vegna stórtjóna.

Tjónaskuldaráhætta er hættan á að orðin en óuppgerð tjón þróist á verri veg en gert var ráð fyrir. Neikvæð þróun getur bæði stafað af að tilkynnt en ógreidd tjón hafi verið vanmetin og að tjón sem enn voru ótilkynnt reynist hærri eða fleiri en gert var ráð fyrir. Getur það hvort sem er varðað eiginlegar bætur til tjónþola eða tengdan kostnað svo sem hreinsun rústa og sérfræðikostnað við mat og uppgjör á tjónum.

Skýringar, frh.:

39. Vátryggingaáhætta, frh.:

Tjónaskuld félagsins byggist á mati á endanlegum kostnaði við öll óuppperð tjón. Veruleg óvissa í því mati er óhjákvæmileg. Nokkur tími getur liðið frá tjóni fram að tilkynningu til félagsins af því að tjónið hafi ekki uppgötvast eða af því að tjónþoli hafi ekki vitað um bótarétt sinn. Þótt vitað sé um tjón getur verið að afleiðingar þess verði ekki ljósar fyrr en seinna, ekki liggur nákvæmlega fyrir hvað skemmdist í eignatjóni fyrr en byrjað er að gera við og varanlegar afleiðingar af slysi koma ekki í ljós fyrr en allöngu eftir slysið. Hugsanlegt er að afleiðing tjóns sé hvort sem er vanmetin eða ofmetin í fyrstu. Einnig er eitthvað um að tilkynntir atburðir hafi ekki í för með sér bótagreiðslu frá félaginu, ýmist af því að ekki varð neitt tjón, tjón reynist ekki falla undir bótasvið vátryggingasamnings eða að það tjón sem varð nær ekki eigin áhættu vátryggingataka.

<i>Sundurliðun eigin vátryggingaskuldar eftir greinaflokkum</i>	2020	2019
Eignatryggingar.....	2.299.225	2.309.086
Sjó-, flug- og farmtryggingar.....	1.015.578	1.835.419
Lögboðnar ökutækjatrýggingar.....	9.748.957	8.687.993
Frjálssar ökutækjatrýggingar.....	1.075.548	1.161.281
Ábyrgðar- og efnatryggingar.....	2.383.930	1.804.837
Slysa- og sjúkratryggingar.....	3.864.997	3.558.565
Líftryggingar.....	280.813	255.089
Seldar endurtryggingar.....	54.291	52.722
Eigin vátryggingaskuld samtals	<u>20.723.340</u>	<u>19.664.991</u>

Næmnigreining

Taflan sýnir hvaða áhrif breytingar á vaxtaferli notuðum til núvirðingar tjónaskuldar hafa á fjárhæð tjónaskuldar og áhrif breytinga á tjónsfjárhæðum og tjónaskuld á eigin tjón ársins og þar með afkomu samstæðunnar fyrir tekjuskatt. Lækkun vaxta hækkar tjónaskuld samstæðunnar og hækkan vaxta hefur áhrif til lækkunar. Lækkun tjónsfjárhæða og tjónaskuldar hafa jákvæð áhrif á afkomu samstæðunnar, en hækkan hefur sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	2020	2019
1% hækkan vaxtaferils.....	208.230	179.073
1% lækkun vaxtaferils.....	(216.001)	(185.396)
5% breyting tjónsfjárhæða.....	566.662	591.954
10% breyting tjónaskuldar.....	1.512.165	1.407.457
Öryggisstig (e. confidence level) sem samsvarar 10% breytingu tjónaskuldar.....	92%	88%

Samstæðan stýrir vátryggingaráhættu sinni meðal annars með gerð endurtryggingasamninga, þar sem hluti af áhættutöku samstæðunnar í stjórtjónsatburðum er færður yfir til endurtryggjenda. Félagið hefur sett sér þá stefnu að endurtryggjendur félagsins skuli hafa opinbert mat frá alþjóðlegu matsfyrirtæki og að lágmarki matseinkunnina A-. Með þessu er leitast við að draga úr hættu á að endurtryggjendur greiði ekki sinn hlut í tjónsatburðum. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu iðgjalda til endurtryggjenda eftir opinberu mati sem þeir hafa hlotið frá alþjóðlegum matsfyrirtækjum, en einkunnakerfið miðast við flokkun S&P, fyrir árin 2019 og 2020 og áætlun um skiptingu fyrir árið 2021.

	Áætlun		
	2021	2020	2019
AA+.....	0,2%	-	-
AA.....	-	-	2,9%
AA-.....	41,9%	40,9%	39,3%
A+.....	37,1%	36,1%	33,6%
A.....	10,3%	11,5%	8,7%
A-.....	10,6%	11,4%	15,6%

Skýringar, frh.:

40. Útlána- og mótaðilaáhætta

Útlánaáhætta og mótaðilaáhætta er áhættan á að viðskiptavinur eða mótaðili samstæðunnar að fjármálagerningi standi ekki við skuldbindingar sínar að einhverju eða öllu leyti og að teknar veðtryggingar standi ekki undir útistandandi kröfum.

Undir útlána- og mótaðilaáhættu hjá félaginu fellur áhætta af bankainnistæðum, útlánaáhætta, endurtryggjendaáhætta og áhætta vegna viðskiptakrafna. Heildaráhætta Lykils er að verulegu leyti útlánaáhætta.

Við kaup TM á Lykli fjármögnun hf. jókst útlánaáhætta verulega vegna leigusamninga og útlána sem komu inn í samstæðuna frá ársbyrjun 2020. Við þessa breytingu er útlánaáhætta nú þriðja stærsta einstaka áhætta samstæðunnar á eftir markaðs- og váttryggingaáhættu.

Reglubundið er fylgst með útlánaáhættu bæði hjá TM og Lykli. Áhættustýring TM skilar ársfjórðungslegum áhættuskýrslum til stjórnar TM hf. Þar sem mótaðilaáhætta váttryggingastarfseminnar er mæld og fylgst er með þróun og stöðu hennar ásamt heildarstöðu útlánaáhættu hjá Lykli. Áhættustýring Lykils gerir reglulega skýrslur til stjórnar Lykils um útlánaáhættu og mánaðarlega eru unnar skýrslur sem innihalda m.a. yfirlit yfir dreifingu fjármögnunar til viðskiptavina og vanskilahlutfall. Jafnframt hefur áhættustýring Lykils frumkvæði að því að greina stjórn frá ef um skyndilega breytingu er að ræða á endurgreiðsluhæfi einstakra stærri skuldara eða einstakra atvinnugreina. Áhættustýring Lykils leggur til grundvallar mat sitt á framtíðarhæfi skuldara til að greiða skuld sína eða aðrar skuldbindingar á réttum tíma.

Til að stýra útlánaáhættu setur stjórn Lykils sérstakar reglur um fjármögnunarþjónustu og ábyrgðir og ákvarðar stefnu í því sambandi. Stjórnin hefur eftirlit með framkvæmd reglnanna og fylgist með og greinir heildar mótaðilaáhættu félagsins ársfjórðungslega eða oftár ef þurfa þykir.

Áhættustýring Lykils hefur yfirsýn yfir áhættu tengdri leigusamningum og útlánunum, veðum, samsetningu eignasafns og innheimtu í starfsemi sinni. Innri endurskoðun fylgist með framkvæmd og árangri áhættustýringar í samræmi við starfsreglur og gefur sérstaka skýrslu til stjórnar um fjármögnunar- og útlánaáhættu. Yfirmaður áhættustýringar og innri endurskoðandi gera stjórn viðvart ef framkvæmd fjármögnunar til viðskiptavina er ekki í samræmi við áhættustefnu og lánareglur.

Móðurfélagið TM hefur sett skýrar útlánareglur sem taka ber mið af við einstakar lánveitingar, en félagið hefur að mestu hætt útlánunum og beint viðskiptavinum til Lykils varðandi fjármögnun. Heimildir til lánveitinga eru mismunandi og þarfnast aðkomu lánanefndar ef farið er yfir tiltekin mörk. Við hverja lánveitingu eru viðskiptamenn metnir og fjárhagsstaða og greiðslusaga þeirra skoðuð eftir því sem kostur er. Lánareglur félagsins fjalla meðal annars um lánheimildir í hlutfalli við raunvirði veðtrygginga og áætlaðan líftíma þeirra og ef vikið er frá þeim hlutföllum þarfnast það sérstaks samþykkis.

Ítarlega er fylgst með vanskilum og tapshætta er yfirfarin reglulega með mati á veðtryggingum og stöðu einstakra viðskiptamanna. Viðskiptamenn í vanskilum eru jafnan flokkaðir sem áhættusamir og geta ekki átt frekari viðskipti við félagið nema greiða niður skuldir sínar. Útlán eru endanlega afskrifuð eftir ákveðnum reglum sem um það gilda. Þá hefur félagið sett skýra verkferla sem snúa að innheimtu og hvenær vanskil eru send til lögfræðinnheimtu.

Samþjöppun á útlánaáhættu getur verið þegar samningar eru gerðir við marga aðila í sömu atvinnugrein, á sama svæði eða með aðra sameiginlega eiginleika sem gæti valdið aukinni áhættu vegna breytinga í hagkerfinu eða af annarri ástæðu. Samstæðan fylgist með þessari áhættu eins og annarri áhættu og reynir að halda henni í lágmarki.

Hámark útlána- og mótaðilaáhættu

Hér að neðan er samantekt á hámarks útlánaáhættu án tillits til veða, sem er bókfærð staða eftirtalinna fjáreigna í efnahagsreikningi á reikningsskiladegi:

	2020	2019
Leigusamningar og útlán, fyrirtæki	17.550.387	0
Leigusamningar og útlán, einstaklingar	21.284.422	0
Viðskiptakröfur og útlán í váttryggingastarfsemi	4.677.386	4.930.157
Verðbréf	28.252.427	28.015.235
Afleiður	1.345.915	0
Endurtrygginga eignir	669.995	415.123
Aðrar eignir	176.917	29.960
Handbært fé	4.157.687	6.433.415
	<u>78.115.136</u>	<u>39.823.890</u>

Skýringar, frh.:

40. Útlána- og mótaðilaáhætta, frh.:

Gæði útlána og leigusamninga

Samstæðan notar virðisrýrnunarlíkan við mat á væntri útlánaáhættu sem er í samræmi við kröfur IFRS 9. Nánari lýsingu á mati á útlánaáhættu fjáreigna samstæðunnar er að finna í skýringu 22.

Útlán og leigusamningar til fyrirtækja

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Einkunn 1-2.....	2.545.138	91.683	65.235	2.702.056
Einkunn 3-5.....	8.999.413	706.810	1.139.329	10.845.553
Einkunn 6.....	373.435	48.676	8.355	430.466
Einkunn 7-10.....	371.585	1.710.282	1.160.868	3.242.736
Óflokkað.....	161.324	150.115	650.851	962.289
Brúttó staða.....	12.450.895	2.707.566	3.024.638	18.183.099
Vænt útlánatap.....	(37.531)	(79.083)	(516.099)	(632.713)
Bókfærð staða.....	12.413.364	2.628.484	2.508.540	17.550.387

Útlán og leigusamningar til einstaklinga

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Einkunn A.....	13.523.715	112.406	4.628	13.640.748
Einkunn B.....	5.609.641	146.199	5.655	5.761.496
Einkunn C.....	0	1.128.112	2.864	1.130.976
Einkunn D.....	0	259.319	7.036	266.355
Einkunn E.....	0	79.327	10.864	90.191
Óflokkað.....	185.999	169.801	211.636	567.437
Brúttó staða.....	19.319.355	1.895.164	242.683	21.457.203
Vænt útlánatap.....	(32.650)	(54.827)	(85.304)	(172.781)
Bókfærð staða.....	19.286.705	1.840.337	157.379	21.284.422

Leigusamningar og útlán, greining á vanskilum

Krafa telst vera komin í vanskil þegar gjalddagi er liðinn. Fjárhæðir hér á eftir eru vanskil ásamt heildareftirstöðvum lána. Athuga ber að hér er horft á heildarstöðu viðskiptavinar og getur hann verið með eitt lán sem er í skilum og annað lán sem er í 90 daga vanskilum. Í slíkum tilvikum er skuldbindingin öll færð í 90 daga vanskil.

31. desember 2020	Ógjaldfallið	Vanskil 1-30 dagar	Vanskil 31-60 dagar	Vanskil 61-90 dagar	Vanskil > 90 dagar	Samtals
Útlán og leigusamningar						
Byggingastarfsemi.....	4.089.260	48.879	41.292	151.619	22.032	4.353.083
Fasteignaviðskipti.....	747.949	27.852	27.117	0	99.642	902.560
Heildsala og smásala.....	1.847.317	12.034	10.321	0	70.979	1.940.652
Framleiðsla.....	1.162.557	10.633	61.044	0	0	1.234.234
Leigustarfsemi.....	3.957.102	103.897	25.210	1.064	265.543	4.352.816
Flutningar.....	917.091	23.130	91.185	0	78.378	1.109.784
Einstaklingar.....	20.791.191	86.936	325.732	14.475	66.089	21.284.422
Annað.....	3.499.694	116.030	35.213	371	5.950	3.657.259
Samtals.....	37.012.161	429.392	617.114	167.529	608.613	38.834.809

Áhættuflokkun leigusamninga og útlána

Félagið framkvæmir áhættumat til að meta líkur á vanefndum viðskiptavina. Einstaklingar og einstaklingar í rekstri eru flokkaðir frá A1 til E3, þar sem A1 reiknast með minnstu og E3 með mestu líkur á vanefndum. Fyrirtæki eru flokkuð frá 1 til 10, þar sem 1 reiknast með minnstu og 10 með mestu líkur á vanefndum. Taflan sýnir heildarfjármögnun til viðskiptavina.

Skýringar, frh.:

40. Útlána- og mótaðilaáhætta, frh.:

Áhættuflokkun leigusamninga og útlána, frh.:

	A1 - B3	C1 - E3	1-6	7-10	Óflokkað	Samtals
31. desember 2020						
Útlán til viðskiptavina						
Einstaklingar	19.367.978	1.433.716	0	0	482.728	21.284.422
Byggingastarfsemi	0	0	3.355.147	760.920	237.017	4.353.083
Fasteignaviðskipti	0	0	711.914	97.246	93.400	902.560
Heildsala og smásala	0	0	1.306.349	550.138	84.165	1.940.652
Framleiðsla	0	0	1.134.885	76.841	22.508	1.234.234
Leigustarfsemi	0	0	3.344.019	838.125	170.673	4.352.816
Flutningar	0	0	782.489	299.033	28.263	1.109.784
Annað	0	0	3.221.310	229.773	206.176	3.657.259
Samtals	19.367.978	1.433.716	13.856.113	2.852.074	1.324.929	38.834.809

Tryggingar og aðrar útlánavarnir leigusamninga og útlána

Taflan sýnir skiptingu niður á tegundir trygginga og annarra útlánavarna eftir atvinnugreinum og einstaklingum. Virði trygginga og útlánavarna miðast við markaðsvirði, opinbert fasteignamat eða mat sérfræðinga. Upphæð veða takmarkast af þeirri útlánaáhættu sem liggur að baki viðkomandi láni eða leigusamningi.

	Hámarks- útlána- áhætta	Útlána- áhætta tryggð með veði	Útlánaáhætta án veð- trygginga
31. desember 2020			
Einstaklingar	21.457.203	20.962.121	495.082
Byggingastarfsemi	4.418.934	4.392.559	26.375
Fasteignaviðskipti	913.733	869.124	44.608
Heildsala og smásala	1.960.758	1.912.376	48.382
Framleiðsla	1.244.488	1.187.039	57.448
Leigustarfsemi	4.812.776	4.476.585	336.192
Flutningar	1.128.972	1.070.526	58.446
Annað	3.735.480	3.636.932	98.548
Samtals	39.672.343	38.507.261	1.165.082

	Hámarks- útlána- áhætta	Fasteignir og lóðir	Vinnuvélar	Ökutæki	Tæki og vélar	Annað	Útlánaáhætta tryggð með veði
31. desember 2020							
Einstaklingar	21.457.203	152.955	103.941	20.269.532	332.315	103.377	20.962.120
Bygginga- starfsemi	4.418.934	1.720.018	1.143.386	1.275.499	105.796	147.860	4.392.559
Fasteigna- viðskipti	913.733	511.580	68.373	243.786	2.718	42.667	869.124
Heildsala og smásala	1.960.758	36.695	345.544	1.270.130	154.120	105.887	1.912.376
Framleiðsla	1.244.488	372.666	119.920	300.025	245.753	148.675	1.187.039
Leigu- starfsemi	4.812.776	66.901	661.531	3.165.787	163.583	418.783	4.476.585
Flutningar	1.128.972	19.933	165.808	795.797	19.719	69.270	1.070.527
Annað	3.735.480	1.033.498	318.339	1.637.792	372.733	274.568	3.636.930
Samtals	39.672.343	3.914.247	2.926.841	28.958.348	1.396.736	1.311.087	38.507.261

Skýringar, frh.:

40. Útlána- og mótaðilaáhætta, frh.:

Áhættuflokkun leigusamninga og útlána, frh.:

Taflan hér að neðan sýnir bókfært virði útlána og leigusamninga á stigi 3 sundurgreint eftir veðhlutfalli:

Veðhlutfall	2020
Undir 50%	671.773
51-70%	1.319.125
71-90%	495.640
91-100%	1.303
Yfir 100%	178.078
Samtals	<u>2.665.919</u>

Áhættuflokkun viðskiptakrafna og útlána í váttryggingastarfsemi

Samstæðan framkvæmir áhættumat til að meta líkur á vanefndum viðskiptavina. Við áhættumat og mat á gæðum útlána er notast við sömu aðferðafræði og við mat á leigusamningum og útlánunum. Varðandi tryggingar og veð útlána er vísað í skýringu 26. Viðskiptakröfur eru skammtímakröfur og almennt flokkaðar á stigi 1, en þar sem um er að ræða sértæka færslu á afskriftareikning eru kröfur flokkaðar á stig 3 og meðal krafna með yfir 90 daga vanskil. Sjá nánar í skýringu 26.

Greining útlána í váttryggingastarfsemi á einstaklinga og fyrirtæki

31. desember 2020	Ógjaldfallið	Vanskil 1- 30 dagar	Vanskil 31- 60 dagar	Vanskil 61- 90 dagar	Vanskil > 90 dagar	Samtals
Einstaklingar	289.314	1.488	226	0	9.125	300.153
Virðisrýrnun	(9.096)	(67)	(22)		(8.364)	(17.549)
Fyrirtæki	215.106	0	0	645	163.613	379.363
Virðisrýrnun	(11.019)	0	0	(163)	(123.184)	(134.366)
Samtals	<u>484.304</u>	<u>1.421</u>	<u>204</u>	<u>482</u>	<u>41.190</u>	<u>527.601</u>

31. desember 2019

Einstaklingar	395.452	9.418	127	2.844	13.133	420.975
Virðisrýrnun	(4.933)	(73)	(3)	(122)	(9.319)	(14.450)
Fyrirtæki	393.224	23.009	4.919	9.663	32.805	463.620
Virðisrýrnun	(36.491)	(366)	(1.725)	(1.083)	(8.386)	(48.051)
Samtals	<u>747.252</u>	<u>31.988</u>	<u>3.318</u>	<u>11.302</u>	<u>28.233</u>	<u>822.095</u>

Gæði annarra fjáreigna samstæðunnar

Í eftirfarandi töflu eru upplýsingar um greiðslufallsáhættu samkvæmt flokkun félagsins á mótaðilum. Flokkunin byggir á matskerfi S&P. Verðbréf flokkast hins vegar undir markaðsáhættu í áhættuútreikningum og gjaldþolskröfu samstæðunnar.

	≥ A	BBB	Lægri eink- unn eða óflokkað	Samtals
31. desember 2020				
Verðbréf	6.175.538	3.201.317	18.875.573	28.252.427
Afleiður		1.345.915		1.345.915
Endurtrygginga eignir	669.995			669.995
Handbært fé og bundin innlán	7.562	4.006.952	143.173	4.157.687
Fjáreignir samtals	<u>6.853.095</u>	<u>8.554.184</u>	<u>19.018.746</u>	<u>34.426.025</u>
31. desember 2019				
Verðbréf	2.105.374	4.929.325	20.980.537	28.015.235
Endurtrygginga eignir	415.123			415.123
Handbært fé og bundin innlán	6.721	5.548.170	878.523	6.433.415
Fjáreignir samtals	<u>2.527.218</u>	<u>10.477.495</u>	<u>21.859.060</u>	<u>34.863.774</u>

Skýringar, frh.:

41. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerninga vegna breytinga á markaðsverðum. Í fjárfestingastefnu félagsins setur stjórn skýr mörk um eignasamsetningu. Þar með hefur félagið tryggt fjölbreytni í fjárfestingasafninu og markað áhættuvilja félagsins. Þær markaðsáhættur sem skoðaðar eru sérstaklega eru: vaxtaáhætta, hlutabréfaáhætta og gjalddeyrisáhætta. Markmiðið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Stefna samstæðunnar við stýringu markaðsáhættu ræðst af fjárfestingamarkmiðum hennar. Fylgst er með daglegum breytingum á markaði af starfsmönnum samstæðunnar í samræmi við stefnu og starfsreglur. Stjórn félagsins fylgist með og greinir heildarmarkaðsáhættu samstæðunnar ársfjórðungslega eða oftar ef þurfa þykir.

Áhætta og gjaldpóskrafa vegna markaðsáhættu skv. lögum um váttryggingastarfsemi er reiknuð með staðalreglu fyrir fjármálagerninga váttryggingafélagsins. Líkanið inniheldur allar helstu markaðsáhættur váttryggingafélaga og miðað er við 99,5% vágildi.

Markaðsáhætta váttrygginga	2020	2019
Vaxtaáhætta	590.232	605.772
Hlutabréfaáhætta	4.258.765	4.703.687
Fasteignaáhætta	0	0
Áhættuálagsáhætta	1.222.199	1.644.200
Sambjögðunaráhætta	1.855.519	2.453.044
Gjaldmiðlaáhætta	152.128	195.095
Fjölpættingaráhrif.....	(2.447.262)	(3.004.107)
Samtals	<u>5.631.581</u>	<u>6.597.691</u>

Vaxtaáhætta váttrygginga

Vaxtaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði fjármálagerninga vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Vextir útlána eru endurskoðaðir á að minnsta kosti tólf mánaða fresti. Þess vegna er áhætta samstæðunnar tengd markaðsvöxtum eigna takmörkuð. Bókfært verð váttryggingasamninga er ekki næmt fyrir breytingum í markaðsáhættu. Laust handbært fé samstæðunnar er fjárfest í skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en eins mánaðar.

Næmnigreining vaxta

Meðal fjáreigna á gangvirði færir félagið verðbréf sem bera fasta vexti að andvirði 11.827 m.kr. (2019: 11.497 m.kr.) Áhrif samhliða 1% hliðrunar vaxtaferla á viðkomandi verðbréf og þar með á afkomu fyrir tekjuskatt eru metin vera 655 m.kr. (2019: 774 m.kr.).

Hlutabréfaáhætta váttrygginga

Hlutabréfaáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðsluflæði skráðra og óskráðra hlutabréfa félagsins og framvirkra afleiða á hlutabréf.

Næmnigreining fyrir hlutabréfaáhættu sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsverði, hvort sem verðbreytingarnar eru vegna einstakra fjárfestinga, útgefenda verðbréfa eða allra þátta sem hafa áhrif á fjármálagerninga.

Þar sem skráðar fjáreignir samstæðunnar og meirihluti óskráðra fjáreigna eru bókfærðar á gangvirði, munu allar breytingar á aðstæðum á mörkuðum hafa áhrif á fjárfestingatekjur samstæðunnar.

Stjórnendur samstæðunnar fylgjast stöðugt með sveiflum á mörkuðum og það gerir samstæðunni kleift að bregðast skjótt við öllum breytingum.

Næmnigreining hlutabréfa

Í árslok 2020 hefur 10% lækkun á innlendum skráðum hlutabréfum og 5% lækkun á erlendum skráðum hlutabréfum um 108 m.kr. neikvæð áhrif á eigið fé samstæðunnar. (2019: 266 m.kr.). Ef sama aðferð er einnig notuð á óskráð innlend og erlend hlutabréf eru áhrifin samtals metin á um 832 m.kr. (2019: 867 m.kr.).

Skýringar, frh.:

41. Markaðsáhætta, frh.:

Vaxtaáhætta fjármögnunarstarfsemi

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerna muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti. Félagið hefur ekki gert vaxtaskiptasamninga til þess að sporna við þeirri áhættu sem tengist breytingu á vaxtastigi, en stjórnendur fylgjast reglulega með þróun vaxta.

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta á vaxtaberandi eignir og skuldir á reikningsskiladegi hefði á afkomu félagsins. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerna er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	2020	
	50pkt.	100pkt.
Áhrif á afkomu	27.436	54.871

Meðal vaxtaberandi eigna eru bankainnstæður að fjárhæð 2,3 m.a.kr. þann 31.12 2020.

Gjaldeyrissáhætta

Gjaldeyrissáhætta er hættan á sveiflum í gangvirði eða framtíðargreiðslufleði fjármálagerna vegna breytinga á gengi gjaldmiðla.

Samstæðan fjárfestir í fjármálagerningum og gerir samninga í erlendum gjaldmiðlum. Þess vegna stendur samstæðan frammi fyrir hættu á því að gengi gjaldmiðils þess miðað við aðra gjaldmiðla breytist á þann hátt að það hafi óhagstæð áhrif á virði þess hluta eigna og skulda samstæðunnar sem eru í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum. Áhrif 10% hækkunar (lækkunar) gengisvísitölu íslensku krónunnar hefur um 18,3 m.kr. jákvæð (neikvæð) áhrif á eigið fé samstæðunnar (2019: 4 m.kr. neikvæð áhrif).

Sundurliðun eigna og skulda eftir erlendum myntum:

	USD	EUR	NOK	Aðrir erlendir gjaldmiðlar	Samtals
31. desember 2020					
Eignir:					
Verðbréf	465.468	407	0	138.840	604.715
Leigusamningar og útlán	0	680.635	0	139.657	820.292
Endurtrygginga eignir	100	73	0	372	545
Viðskiptakröfur	86.476	80.236	43.835	11.922	222.469
Handbært fé	74.512	102.620	5.375	63.294	245.800
Samtals	626.556	863.971	49.210	354.085	1.893.821
Skuldir:					
Vátryggingaskuld	257.861	135.723	94.679	47.396	535.659
Viðskiptaskuldir	7.302	9.992	3.582	3.380	24.256
Afleiður	0	1.150.790	0	0	1.150.790
Samtals	265.163	1.296.505	98.261	50.776	1.710.705
Mismunur eigna og skulda	361.393	(432.534)	(49.051)	303.309	183.116
31. desember 2019					
Eignir:					
Verðbréf	363.529	372	0	159.113	523.014
Endurtrygginga eignir	889	3.042	7.604	3.440	14.975
Viðskiptakröfur	38.498	115.292	59.067	27.716	240.573
Handbært fé	130.685	61.362	15.372	49.264	256.683
Samtals	533.601	180.068	82.043	239.533	1.035.245

Skýringar, frh.:

Gjaldeyrishætta, frh.: 31. desember 2019, frh.:

Skuldir:	USD	EUR	NOK	Aðrir	Samtals
				erlendir	
				gjaldmiðlar	
Vátryggingaskuld	335.217	367.809	283.124	82.333	1.068.483
Viðskiptaskuldir	736	4.167	461	6.384	11.748
Samtals	335.953	371.976	283.585	88.717	1.080.231
Mismunur eigna og skulda	197.648	(191.908)	(201.542)	150.816	(44.986)

Gengi skv. skráningu Seðlabanka Íslands:

	Árslokagengi	
	Miðgengi	
	2020	2019
USD	127,21	121,10
EUR	156,10	135,83
NOK	14,93	13,77

42. Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Samstæðan þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt ófyrirséðum breytingum í fjármögnun eða markaðsbresti. Hluti fjármálagerna samstæðunnar eru fjárfestingar í óskráðum hlutabréfum sem ekki er verslað með á skipulögðum mörkuðum og almennt getur tekið nokkurn tíma að innleysa. Því gæti samstæðan staðið frammi fyrir því að geta ekki innleyst allar fjárfestingar sínar, fyrir fjárhæð nálægt gangvirði þeirra, í því skyni að mæta lausafjárþörf sinni.

Til þess að lágmarka þessa áhættu hefur samstæðan stefnu um lágmarks handbært fé á hverjum tíma og til viðbótar er gert ráð fyrir að skráðar fjáreignir samstæðunnar, sem eru stór hluti af heildareignum hennar, sé hægt að innleysa tafarlaust.

Samstæðan jafnar sjóðsflæði af eignum og skuldum í safni sínu með því að áætla meðallíftíma þeirra. Meðallíftíminn er reiknaður út frá væntu greiðsluflæði vegna gerðra vátryggingasamninga.

	2020	2019
Vátryggingaskuld - líftryggingaáhætta (mánuðir)	4,7	4,4
Vátryggingaskuld - skaðaáhætta (mánuðir)	16,6	16,0

Í eftirfarandi töflum kemur fram greining á stöðu handbærs fjár og hreinu fjárflæði eigna og skulda eftir tímabilum m.v. stöðu í lok hvers tímabils.

31. desember 2020	Bókfært	Án				Samtals
Eignir	verð	gjalds	0-1 ár	1-5 ár	Yfir 5 ár	
Leigusamningar og						
útlán	38.834.809		11.620.080	24.251.032	2.963.698	38.834.809
Viðskiptakröfur og útlán í						
vátryggingastarfsemi	4.677.386		3.783.087	865.572	28.728	4.677.386
Verðbréf	28.252.427	14.910.211	1.850.173	5.380.479	6.111.564	28.252.427
Afleiðusamningar	1.345.915		295.112	1.035.399	15.403	1.345.915
Aðrar eignir	176.917		176.917			176.917
Handbært fé	4.157.687	4.157.687				4.157.687
Samtals 31.12.2020	77.445.141	19.067.898	17.725.369	31.532.482	9.119.393	77.445.141

Skýringar, frh.:

42. Lausafjánhætta, frh.:

31. desember 2020

Skuldir	Bókfært verð	Án				Samtals
		gjaldþaga	0-1 ár	1-5 ár	Yfir 5 ár	
Víkjandi lán	2.308.908			2.308.908		2.308.908
Lántaka	33.949.842		11.221.262	22.223.100	505.482	33.949.842
Leiguskuldbinding	391.947		137.587	254.360		391.947
Vátryggingaskuld, nettó	20.723.340	655.411	10.124.328	9.427.731	515.869	20.723.340
Líftryggingaskuld með áhættu vátryggingataka	85.881	85.881				85.881
Afleiðusamningar	33.283		33.283			33.283
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.929.717		1.793.839	135.877		1.929.717
Samtals 31.12.2020	59.422.918	741.292	23.310.299	34.349.976	1.021.351	59.422.918
Eignir - skuldir 31.12.2020 .	18.022.223	18.326.606	(5.584.930)	(2.817.494)	8.098.042	18.022.223
Uppsafnaður mismunur		18.326.606	12.741.676	9.924.182	18.022.223	18.022.223

31. desember 2019

Eignir	Bókfært verð	Án				Samtals
		gjaldþaga	0-1 ár	1-5 ár	Yfir 5 ár	
Viðskiptakröfur og útlán í vátryggingastarfsemi	4.930.157		4.557.896	267.512	104.749	4.930.157
Verðbréf	28.015.235	17.591.361	2.077.490	3.297.623	5.048.761	28.015.235
Aðrar eignir	29.960	25.211	4.749			29.960
Handbært fé	6.433.415	6.433.415				6.433.415
Samtals 31.12.2019	39.408.767	24.049.987	6.640.135	3.565.135	5.153.510	39.408.767
Skuldir						
Víkjandi lán	2.231.048			2.231.048		2.231.048
Leiguskuldbinding	515.197		135.728	379.469		515.197
Vátryggingaskuld, nettó	19.664.992	578.392	9.871.393	8.807.873	407.335	19.664.992
Líftryggingaskuld með áhættu vátryggingataka	59.282	59.282				59.282
Afleiðusamningar	35.167		35.167			35.167
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.082.062		1.033.302	48.760		1.082.062
Samtals 31.12.2019	23.587.748	637.674	11.075.590	11.467.150	407.335	23.587.748
Eignir - skuldir 31.12.2019 .	15.821.019	23.412.313	(4.435.455)	(7.902.015)	4.746.175	15.821.019
Uppsafnaður mismunur		23.412.313	18.976.858	11.074.843	15.821.019	15.821.019

Lykill skilar mánaðarlega lausafjárskýrslu til Seðlabanka Íslands (Sí) sem byggir á tilmælum Basel-nefndarinnar. Markmið þeirra er að a) renna frekari stoðum undir eiginfjárgrunn fjármálafyrirtækja, b) innleiða nýjar lausafjarkvaðir ásamt því að c) takmarka skuldsetningu fjármálafyrirtækja.

Lausafjarkvaðir Basel III eru:

- (i) Lausafjárþekja (e. liquidity coverage ratio; LCR)
- (ii) Fjármögnunarþekja (e. net stable funding ratio; NSFR)

Skýringar, frh.:

42. Lausafjánhætta, frh.:

Samkvæmt reglum Sí nr. 266/2017 um lausafjánhlutfall o.fl. snýr skýrslugjöfin aðeins að lausafjánhækjunni. Innstæður Lykils hjá öðrum fjármálafyrirtækjum teljast samkvæmt reglunum til innflæðis fjármuna en ekki til lausafjánhæigna. Þá reiknast innflæði að hámarki 90% af útlæði við útreikning lausafjánhlutfalls. Félagið uppfyllir reglur Seðlabankans en heildarlausafjánhlutfall í öllum myntum þann 31.12.2020 var 1633%, 4596% í erlendum myntum og 1641% í íslenski krónu. Lágmarkskröfur eru 100% fyrir öll hlutföllin nema 30% í íslenski krónu. Nýjar kröfur um 100% lágmarkshlutfall fyrir fjármögnunarþekju mun taka gildi í júní 2021 en tilgangur þess er að takmarka tímamistræmi á milli eigna og skulda og draga úr fjármögnun langtímaeigna með óstöðugri skammtímafjármögnun.

43. Rekstraráhætta

Samstæðan býr við rekstraráhættu vegna mögulegs beins eða óbeins taps í tengslum við þætti er varða starfsfólk, tækni og ferla, og einnig í tengslum við utanaðkomandi þætti aðra en láns-, markaðs-, eða lausafjánhættur. Rekstraráhætta nær til allra rekstrareininga innan samstæðunnar. Markmið samstæðunnar er að verja félagið gegn rekstraráhættu til að koma í veg fyrir fjárhagslegt tjón og að orðstír félagsins verði fyrir skaða. Til að draga úr rekstraráhættu gerir samstæðan meðal annars kröfur um að verkefni og skyldur séu aðskildar á viðeigandi hátt, um reglulegar afstemmingar á færslum og eftirlit með þeim, að farið sé að lögum og reglum, að gert sé reglulegt mat á rekstraráhættuþáttum, þjálfun starfsfólks og faglega uppbyggingu samstæðunnar. Samstæðan er með vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt ISO 27001 staðlinum.

44. Viðskiptaáhætta

Eins og hjá öðrum félögum sem starfa á samkeppnismarkaði fylgir starfsemi margvísleg viðskiptaáhætta sem er að miklu leyti háð ákvörðunum og stefnumótun samstæðunnar. Einnig fylgir starfsemi viðskiptaáhætta eins og áhættuþættir tengdir áætlunum samstæðunnar, samkeppnis- og efnahagssumhverfi og markaðssetningu sem geta skaðað orðspor samstæðunnar.

Samstæðan gerir stefnumótandi áætlun til fimm ára þar sem framtíðarsýn og heildarstefna samstæðunnar er skilgreind. Meðal annars er byggt á greiningum á ytri efnahagsaðstæðum, samkeppnisumhverfi og stöðu samstæðunnar. Stefnumótunarvinna stjórnar og stjórnenda hefur haft það að markmiði að vel sé fylgst með markaðsaðstæðum, rekstrarumhverfi og þeim tækifærum sem þar leynast. Með því að sinna þessu hlutverki af metnaði má ná auknum árangri í rekstri og takmarka þau áhrif sem stefnumótunaráhætta getur falið í sér. Hjá samstæðunni er fylgst náið með öllum helstu fréttu- og samskiptamiðlum á Íslandi. TM hefur í sama tilgangi sett sér reglur um samskipti við fjölmiðla. Atvik eins og brot á lögum, rannsókn eða húsrétt eftirlitsaðila eru líkleg til að hafa áhrif á ímynd fyrirtækja. TM hefur gert viðbragðsáætlanir vegna slíkra atburða til þess að lágmarka áhrif þeirra.

45. Eiginfjárstýring

Stefnumörkun og ferlar samstæðunnar í tengslum við áhættustýringu eigin fjár tryggja að samstæðan hafi nægt eigið fé til að standast áhættur í rekstri sínum. Það er stefna stjórnar að viðhalda sterkum eiginfjárgrunni til að stuðla að stöðugleika og þar með skapa öryggi fyrir váttryggingataka.

Kröfur um eiginfjárför félagsins eru skilgreindar í lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi, þar sem fjallað er um eigið fé váttryggingafélaga sem gjaldþol. Gerð er grein fyrir gjaldþoli samstæðunnar í skýringu 32.

46. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar samstæðunnar eru dótturfélög, hlutdeildarfélög, stjórn félagsins, forstjóri, nefndarmenn undirnefnda stjórnar, lykilstjórnendur og aðilar þeim tengdir ásamt félögum í eigu stjórnarmanna og aðilar þeim tengdum.

Viðskipti milli félagsins og dótturfélaga eru viðskipti milli tengdra aðila. Öll viðskipti við dótturfélög eru felld út við gerð samstæðuársreikningsins og því ekki sýnd í meðfylgjandi yfirliti um viðskipti og stöður við tengd félög. Vísað er í skýringu 47 um félög í samstæðunni.

Skýringar, frh.:

46. Tengdir aðilar, frh.:

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
2020				
Stjórn, lykilstarfsmenn og tengd félög	10.458	7.504	25.124	1
2019				
Stjórn, lykilstarfsmenn og tengd félög	8.247	6.990	2.509	49

Laun, móttframlag í lífeyrissjóð og hlunnindi forstjóra, stjórnar og stjórnenda greinast þannig:

	2020		2019	
	Laun og hlunnindi	Móttframlag í lífeyrissjóð	Laun og hlunnindi	Móttframlag í lífeyrissjóð
Sigurður Viðarsson, forstjóri	50.138	6.329	51.028	6.332
Örvar Kærnedsted, formaður stjórnar	11.004	1.486	10.869	1.467
Andri Þór Guðmundsson, stjórnarmaður	6.776	779	5.897	678
Kristín Friðgeirsdóttir, stjórnarmaður	6.085	784	5.801	667
Einar Örn Ólafsson, stjórnarmaður	6.094	701	5.522	635
Helga Kristín Auðunsdóttir, stjórnarmaður	4.568	525	0	0
Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, fyrrv. stjórnarmaður	1.238	142	5.897	678
Bjarki Már Baxter, varamaður	455	52	440	51
Bryndís Hrafnkelsdóttir, varamaður	455	52	440	51
Framkvæmdastjórnar (7; 2019: 5)	220.778	29.394	158.093	21.247
	307.591	40.244	243.987	31.806

Í árslok 2020 á forstjóri félagsins samtals 2.072 þús. hluti í félaginu í gegnum félag í hans eigu (2019: 3.872 þús. hluti). Formaður stjórnar á enga hluti í félaginu (2019: engir hlutir) og aðrir stjórnarmenn 120 þús. hluti í félaginu sjálfir eða í gegnum félög í þeirra eigu (2019: 120 þús. hluti). Jafnframt eiga þrír lykilstjórnendur hluti í félaginu, samtals 1.521 þús. hluti (2019: 1.714 þús. hluti).

Í árslok námu ógreiddar kaupaukagreiðslur vegna lykilstjórnenda 141 m.kr.

47. Dótturfélög í samstæðu

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

		Hluttur 2020	Hluttur 2019
Íslensk endurtrygging hf.	Vátryggingastarfsemi	100,0%	100,0%
TM líftryggingar hf.	Vátryggingastarfsemi	100,0%	100,0%
TM tryggingar hf.	Vátryggingastarfsemi	100,0%	100,0%
TM fé ehf. (slitið á árinu)	Fjárfestingar		100,0%
Lykill fjármögnun hf.	Fjármögnunarstarfsemi	100,0%	
LÝS 2 ehf. (dótturfélag Lykils fjármögnunar hf.)	Engin starfsemi	100,0%	
LÝS 3 ehf. (dótturfélag Lykils fjármögnunar hf.)	Engin starfsemi	100,0%	
Lýsing ehf. (dótturfélag Lykils fjármögnunar hf.)	Engin starfsemi	100,0%	
Kvakkur ehf. (dótturfélag Lykils fjármögnunar hf.)	Engin starfsemi	100,0%	

Skýringar, frh.:

48. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins eru eftirfarandi:	2020	2019
Tjónshlutfall	74,1%	77,2%
Kostnaðarhlutfall	20,0%	18,2%
Endurtryggingahlutfall	0,0%	2,6%
Samsett hlutfall (tjón+endurtryggingar+kostnaður)	94,1%	98,1%
Rekstrarhlutfall	93,1%	96,3%
Hlutfallsleg matsbreyting eigin tjónaskuldar	0,9%	8,4%
Ávöxtun fjárfestingaeigna	14,8%	10,1%
Arðsemi eigin fjár	26,5%	13,0%
Eiginfjárhlutfall	27,4%	42,0%
Gjaldþolshlutfall	1,64	2,03

49. Covid-19

Útbreiðsla Covid-19 veirunnar hefur haft viðtæk áhrif á efnahagssumhverfið á heimsvísu. Hér á landi hafa áhrifin verið mikil á árinu og haft viðtækar afleiðingar á bæði einstaklinga og fyrirtæki. Landsframleiðslan hefur dregist verulega saman og atvinnuleysi aukist hratt. Á samdráttarskeiðum dregur gjarnan úr tjónum og afkoma batnar í ákveðnum greinum hjá váttryggingafélögum. Hvað fjármögnunarstarfsemi varðar hefur verið líflægur markaður í sölu notaðra ökutækja og hefur því faraldurinn haft takmörkuð áhrif á ný fjármögnunarviðskipti. Ekki er ljóst á þessari stundu hversu lengi áhrifin vara og er það einkum háð framleiðslu og dreifingu bóluafna gegn veirunni.

Hvað samstæðuna varðar þá var fljótt gripið til ráðstafana varðandi rekstur félagsins. Stór hluti starfsmanna hefur unnið að heiman á árinu en fljótt gekk að afla búnaðar til verksins og tryggja hámarks upplýsingaöryggi. Viðbúnaðarumgjörð félagsins var virkjuð strax í upphafi faraldursins og hefur faraldurinn og viðbrögð við honum verið á dagskrá á reglubundnum fundum öryggisnefndar. Í byrjun fór félagið á óvissustig en síðan var hættustig virkjað. Samstæðan hefur í einu og öllu fylgt fyrirmælum sóttvarnaryfirvalda varðandi ráðstafanir í starfsemi.

Ljóst er að faraldurinn hefur haft fjárhagsleg áhrif á váttrygginga- og fjármögnunarstarfsemi félagsins. Hvað váttryggingarnar varðar þá hefur dregið verulega úr iðgjöldum bílaleiga en samdráttur í iðgjöldum ökutækjatrýgginga á milli ára nemur um 6%. Eins og gjarnan gerist á samdráttarskeiðum hefur tjónþungi ábyrgðartrygginga aukist, sérstaklega í starfsábyrgðartryggingum.

Vegna áhrifa Covid-19 faraldursins og óvissu í ferðaþjónustu hefur framlag í afskriftareikning vegna væntra tapaðra viðskiptakrafna og útlána verið aukið hjá TM á tímabilinu. Með sama hætti hefur verið aukið framlag í afskriftareikning útlánasafns Lykils. Lykill hefur boðið bæði einstaklingum og fyrirtækjum tímabundin greiðsluúrræði og voru 0,6% einstaklinga og 2,5% fyrirtækja með virk úrræði í lok ársins. Af þessum sökum jókst virðisrýmun á milli ára um 475 m.kr. ef gengið er út frá því að Lykill hefði verið hluti af samstæðunni á árinu 2019.

Í neðangreindri töflu má sjá samantekt vegna þeirra aðila sem hafa virk greiðsluúrræði í árslok 2020. Þess ber að geta að Lykill færir þau fyrirtæki sem greiða hlutagreiðslur á stig 2 samkvæmt IFRS 9 en á stig 3 ef í úrræðinu felst að öllum greiðslum sé frestað.

Hámarksútlánaáhætta			Virðis-	Útlánaáhætta	
	Stig 2	Stig 3	rýrnunar-	Bókfært	tryggð með
			framlag	virði	veði
Einstaklingar	173.609	0	4.049	169.560	164.790
Ferðaþjónusta	426.441	2.286.104	411.215	2.301.330	2.114.244
Önnur fyrirtæki	87.970	4.205	5.561	86.614	91.214
Samtals	<u>688.020</u>	<u>2.290.309</u>	<u>420.825</u>	<u>2.557.504</u>	<u>2.370.248</u>

Faraldurinn hefur hins vegar haft lítil áhrif á fjárfestingar TM en afkoma þeirra batnaði verulega á milli ára. Ekki er búist við því að áhrif COVID muni hafa varanleg áhrif á starfsemi TM hvorki váttryggingar né fjármögnunarstarfsemi og fjárhagsstaða félagsins er eftir sem áður sterk.

Skýringar, frh.:

50. Sameining við Kviku banka hf.

Þann 25. nóvember 2020 samþykktu stjórnir Kviku banka hf. (Kvika), TM hf. (TM) og Lykils fjármögnunar hf. (Lykill) að sameina félögin eftir viðræður og gagnkvæmar áreiðanleikakannanir. Samkvæmt samrunasamningi mun TM færa váttryggingastarfsemi sína í dótturfélag sitt TM tryggingar hf. Í kjölfarið fari fram þríhliða samruni Kviku, TM og Lykils. TM tryggingar verða í kjölfarið dótturfélag sameinaðs félags.

Í samrunasamningnum eru eftirtaldir fyrirvarar:

- FME veiti samþykki fyrir samrunanum, sbr. 106 gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002;
- FME veiti Kviku samþykki fyrir eignarhaldi á virkum eignarhlut í TM tryggingum hf., TM líftryggingum hf. og Íslenskri endurtryggingu hf., sbr. 58 gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016;
- Samkeppniseftirlitið ógildi ekki samrunann eða setji íþyngjandi skilyrði að mati samrunaaðila, sbr. V. kafla samkeppnislaga nr. 44/2005;
- Hluthafar samþykki samrunann í samræmi við 93. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 á löglega boðuðum hluthafafundum Kviku, TM og Lykils; og
- Yfirfærsla váttryggingastofns TM til TM trygginga hafi verið framkvæmd í samræmi við fyrirliggjandi áætlanir samrunaaðila.

Samkvæmt samrunasamningnum munu hluthafar TM fá, sem endurgjald fyrir hluti sína í TM, 2.509.934.076 hluti í Kviku sem greitt verður með útgáfu nýs hlutafjár. Fjöldi útgefins hluta í Kviku er í dag 2.103.635.839 og því munu hluthafar TM fá í sinn hlut um 54,4% útgefins hlutafjár í Kviku m.v. útgefið hlutafé í dag. Kvika kann að gefa út nýtt hlutafé fram að afhendingardegi á grundvelli núverandi samningssskuldbindinga þar að lútandi og af þeim sökum getur hlutfallið breyst fram að afhendingardegi.

Sameinað félag verður fjárhagslega sterkt fyrirtæki með breiðan tekjugrunn sem mun geta boðið viðskiptavinum sínum upp á fjölbætta þjónustu á öllum helstu sviðum fjármála- og váttryggingaþjónustu.

Stjórnir félaganna telja raunhæft að fyrirvarar samrunasamningsins verði uppfylltir og að félögin verði sameinuð á fyrsta ársfjórðungi 2021.

Talið er að með samrunanum megi ná fram 1.200-1.500 m.kr. árlegri kostnaðarsamlegð, án viðskipta- og einskiptiskostnaðar. Við mat á kostnaðarsamlegð hefur verið miðað við áætlanir félaganna fyrir árið 2021. Gert er ráð fyrir að stærsti hluti kostnaðarsamlegðar komi til vegna hagkvæmari fjármögnunar. Gert er ráð fyrir að megnið af áætlaðri samlegð náist á árinu 2022.

Gert er ráð fyrir að kostnaðarsamlegð eftir árum verði eftirfarandi:

- Árið 2021 verði samlegðaráhrif 500-600 m.kr. en einskiptiskostnaður 250-300 m.kr.
- Árið 2022 verði samlegðaráhrif 1.000-1.100 m.kr. en einskiptiskostnaður 50-100 m.kr.
- Eftir árið 2022 verði árleg samlegðaráhrif 1.200-1.500 m.kr. og óverulegir einskiptisliðir.

Þessu til viðbótar er talið að það séu önnur tækifæri í kostnaðarsamlegð en þau þarfnast frekari greiningar eftir samruna. Stjórnir félaganna telja einnig raunhæft að samruninn geri félögunum kleift að auka tekjur sínar.

Skýringar, frh.:

51. Ársfjórðungayfirlit (óendurskoðað)

	4F	3F	2F	1F	Samtals
Iðgjöld tímabilsins	3.965.294	4.230.609	4.114.476	4.102.683	16.413.062
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	(200.248)	(225.733)	(143.709)	(193.515)	(763.205)
Eigin iðgjöld	3.765.046	4.004.875	3.970.767	3.909.168	15.649.857
Hreinar vaxtatekjur af fjármögnunarstarfsemi	314.476	352.425	191.419	356.343	1.214.663
Rekstrarleigutekjur	203.811	191.591	210.424	208.385	814.211
Hreinar tekjur af fjármögnunarstarfsemi	518.287	544.016	401.843	564.728	2.028.874
Fjárfestingatekjur	1.858.178	685.254	1.572.176	10.725	4.126.333
Aðrar tekjur	27.622	20.948	30.818	25.122	104.510
Heildartekjur	6.169.133	5.255.094	5.975.604	4.509.743	21.909.574
Tjónakostnaður	(2.827.242)	(2.976.972)	(3.042.225)	(3.372.153)	(12.218.592)
Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði	165.442	82.318	327.095	111.964	686.819
Eigin tjón	(2.661.800)	(2.894.654)	(2.715.130)	(3.260.189)	(11.531.773)
Vöxtun, vaxta- og gengisbreytingar váttryggingaskuldar	11.475	(6.479)	(111.978)	(450.473)	(557.455)
Rekstrarkostnaður	(1.336.763)	(1.034.796)	(1.253.428)	(1.395.620)	(5.020.607)
Afskriftir af rekstrarleigueignum	(86.725)	(95.625)	(97.590)	(102.342)	(382.282)
Fjármagnsgjöld	(55.726)	(60.486)	(65.035)	(45.290)	(226.537)
Virðisrýrnun fjáreigna	127.425	(42.276)	(83.229)	(770.102)	(768.182)
Heildargjöld	(4.002.114)	(4.134.316)	(4.326.391)	(6.024.016)	(18.486.835)
Rekstrarhagnaður (tap)	2.167.019	1.120.778	1.649.213	(1.514.273)	3.422.739
Undirverð vegna kaupa á Lykli fjármögnun hf.				2.250.503	2.250.503
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.167.019	1.120.778	1.649.213	736.230	5.673.242
Tekjuskattur	(102.640)	(141.985)	(170.202)	52.280	(362.547)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins	2.064.379	978.793	1.479.011	788.510	5.310.695
Skipting hagnaðar:					
Hluthafar móðurfélags	2.064.379	978.793	1.479.011	788.510	5.310.695

Viðauki við skýringu 33 (óendurskoðað)

Tjónaþróun greinist með eftirfarandi hætti:

Í efri hluta töflunnar (heildarfjárhæðir) kemur annars vegar fram hvernig heildarfjárhæð tjóna hvers tjónsárs frá og með 2011 hefur þróast milli ára, hins vegar núverandi staða. Í neðri hluta töflunnar (tjón í eigin hlut) hefur hlutdeild endurtryggjenda verið dregin frá stöðunni í efri hluta. Félagið tók upp nýja reikningsskilaaðferð við mat á tjónaskuld á árinu 2014 en hér fyrir neðan eru tölur reikningsáranna 2011-2013 endurmetnar með einfölduðu líkani af hinni nýju aðferð. Taflan er breytt frá fyrra ári í því, að áhættuálag er nú sýnt í einu lagi en ekki skipt á tjónsár. Tölur fyrri ára í þríhyrningnum breytast í samræmi við það.

Heildarfjárhæðir

í m.kr.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	Samtals
Mat á tjónakostnaði að viðbættu áhættuálagi:											
- í lok tjónsárs	7.817	8.446	9.284	10.221	10.445	11.264	10.863	12.329	11.965	11.770	
- einu ári síðar	8.281	8.168	9.211	10.493	10.699	11.441	11.316	12.916	12.167		
- tveimur árum síðar	8.201	7.658	9.072	10.593	11.100	11.904	11.665	13.162			
- þremur árum síðar ...	7.776	7.486	8.927	10.885	11.539	12.177	11.881				
- fjórum árum síðar	7.777	7.618	9.061	10.926	11.718	12.368					
- fimm árum síðar	7.801	7.760	9.115	11.108	11.745						
- sex árum síðar	7.841	7.788	9.177	11.136							
- sjö árum síðar	7.870	7.811	9.174								
- átta árum síðar	7.875	7.840									
- níu árum síðar	7.874										
Mat á uppsöfnuðum tjónum í árslok 2020	7.874	7.840	9.174	11.136	11.745	12.368	11.881	13.162	12.167	11.770	109.117
Uppsafnaðar tjóna- greiðslur í árs- lok 2020	(7.864)	(7.805)	(9.154)	(10.981)	(11.575)	(11.629)	(10.809)	(11.245)	(7.835)	(4.603)	(93.501)
Tjónaskuld og áhættu- álag í árslok 2020	10	36	20	155	169	739	1.071	1.917	4.332	7.167	15.616
Tjónaskuld vegna fyrri ára (2010 og fyrr)											77
Heildar tjónaskuld í árslok 2020											15.693
Áhættuálag											655
Þar af er tjónaskuld vegna líftrygginga											89

Eigin tjón og áhættuálag

í m.kr.

Mat á uppsöfnuðum tjónum í árslok 2020	7.264	7.667	8.687	10.165	11.350	11.454	11.586	12.486	11.918	11.333	103.910
Uppsafnaðar tjóna- greiðslur í árs- lok 2020	(7.254)	(7.631)	(8.667)	(10.010)	(11.181)	(10.780)	(10.653)	(10.572)	(7.590)	(4.529)	(88.867)
Tjónaskuld í árslok 2020	10	36	20	155	169	675	933	1.914	4.328	6.805	15.045
Tjónaskuld vegna fyrri ára (2010 og fyrr)											77
Eigin tjónaskuld í árslok 2020											15.122
Áhættuálag											50